

# MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2006

**Dómareifanir**  
1. hefti 2006 (janúar – júní)  
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Björg Thorarensen  
**Ritnefnd:** Oddný Mjöll Arnardóttir  
Skúli Magnússon

**Mannréttindadómstóll Evrópu**  
**Dómareifanir**  
**1. hefti 2006 (janúar – júní)**

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands  
Dreifing Háskólaútgáfan  
ISSN 1670-6145  
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu  
Prentun Gutenberg

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

## Frá ritstjóra




Í þessu hefti dómareifana Mannréttindadómstóls Evrópu eru birtar reifanir 34 dóma sem dómstóllinn kvað upp á tímabilinu frá janúar til og með júní 2006. Þá er hér reifuð frávisunarákvörðun dómstólsins um kæru Saddams Husseins fyrrum forseta Íraks gegn nokkrum af aðildarríkjum að Mannréttindasáttmála Evrópu þess efnis að þau hefðu brotið gegn réttindum hans samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu í tengslum við handtöku hans og ákvörðun um varðhald í Írak. Kæran beindist að 21 aðildarríki, þar á meðal Íslandi, og byggði kærandi á því að vegna stuðnings þessara Evrópuríkja við innrás Bandaríkjanna í Írak væri hann í reynd á yfirráðasvæði þeirra og Bandaríkjanna. Dómstóllinn taldi kæranda ekki hafa sýnt fram á að nein slík yfirráð ríkjanna hefðu stofnast á landsvæðinu samhliða yfirráðum Bandaríkjamanna og því síður að þessi Evrópuríki hefðu haft nokkur áhrif á ákvörðun um handtöku hans og varðhald. Var kærinni því vísað frá.

Engir dómar gengu í kærumálum gegn Íslandi á þessu tímabili, né rökstuddar ákvarðanir um meðferðarhæfi, utan fyrrgreind ákvörðun um frávisun í kærumáli Saddams Hussein.

Af athyglisverðum dómum sem gengu á fyrri hluta ársins hjá Mannréttindadómstólnum má nefna dóm í máli Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku frá 11. janúar. Þar var fjallað um rétt tveggja launþega til þess að standa utan stéttarfélaga, en það fyrirfram skilyrði var sett fyrir ráðningu þeirra í störf að þeir gengju í tiltekin stéttarfélag. Varð niðurstaðan að danska ríkið hefði ekki verndað nægilega rétt þeirra til að standa undan félagi. Dómurinn telst til mikilvægustu fordæma um það með hvaða hætti 11. gr. verndar neikvætt félagafrelsi og gekk dómstóllinn lengra en áður í rökstuðningi sínum og túlkun á félagafrelsisákvæði sáttmálans. Er ekki útséð um hvort dómurinn kunni að hafa áhrif á íslenskan vinnumarkað. Hér á landi eru til staðar forgangsréttarákvæði í flestum kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem fela í sér að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags hafi forgang til vinnu á félagssvæði þess, þótt stéttarfélagsaðild sé ekki forsenda ráðningar. Athyglisvert er að í dómnum er vísað til breyttra viðhorfa Evrópuríkja sem hafi horfið frá slíkri skipan á vinnumarkaði og jafnframt að eingöngu á Íslandi, auk Danmerkur, sé að finna ákvæði af þessum toga í kjarasamningum. Ekki er þó fyllilega ljóst af dómnum hvort forgangsréttarákvæði í kjarasamningum á borð við þau sem hér tíðkast séu í andstöðu við 11. gr. sáttmálans.

Vinna við dómareifanir í þessu hefti var í höndum Hervarar Pálsdóttur lögfræðings og Helga Þórs Þorsteinssonar, Hildigunnar Hafsteinsdóttur, Írisar Lindar Sæmundsdóttur og Maríu Rúnar Bjarnadóttur laganema við lagadeild Háskóla Íslands. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir.

*Björg Thorarensen*



## Efnisyfirlit

### 1. hefti 2006 (janúar - júní)

<b>1. gr. Skylda til að virða mannréttindi</b> .....	<b>9</b>
Saddam Hussein gegn Albaníu, Búlgaríu, Króatíu, Tékklandi, Danmörku, Eistlandi, Ungverjalandi, Íslandi, Írlandi, Ítalíu, Lettlandi, Litháen, Hollandi, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Tyrklandi, Úkraínu og Bretlandi.	
Ákvörðun um meðferðarhæfi kæru frá 14. mars 2006	
<i>Lögsaga Mannréttindadómstólsins. Yfirráðasvæði</i> .....	9
<b>2. gr. Réttur til lífs</b> .....	<b>11</b>
Evans gegn Bretlandi. Dómur frá 7. mars 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	
Pereira Henriques o.fl. gegn Lúxemborg. Dómur frá 9. maí 2006	
<i>Vinnuslys. Rannsókn. Aðgangur að dómstólum. Réttindi að einkamálarétti.</i> ..	
Taïs gegn Frakklandi. Dómur frá 1. júní 2006	
<i>Varðhald. Mannslát. Rannsókn.</i> .....	13
<b>3. gr. Bann við pyndingum</b> .....	<b>15</b>
Aoulmi gegn Frakklandi. Dómur frá 17. janúar 2006 (sjá reifun undir 34. gr.) ....	
Taïs gegn Frakklandi. Dómur frá 1. júní 2006 (sjá reifun undir 2. gr.) .....	
<b>4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu</b> .....	<b>15</b>
Zarb Adami gegn Möltu. Dómur frá 20. júní 2006 (sjá reifun undir 14. gr.)	
<b>6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi</b> .....	<b>16</b>
Mizzi gegn Möltu. Dómur frá 12. janúar 2006	
<i>Aðgangur að dómstólum. Faðernisákvörðun.</i> .....	
Goussev og Marenk gegn Finnlandi. Soini o.fl. gegn Finnlandi. Dómar frá 17. janúar 2006 (sjá reifun undir 10. gr.) .....	
Turek gegn Slóvakíu. Dómur frá 14. febrúar 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	
Hellborg gegn Svíþjóð. Dómur frá 28. febrúar 2006	
<i>Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Munnleg málsmeðferð. Lóðarkvaðir. Byggingarleyfi.</i> .....	
Scordino gegn Ítalíu. Dómur frá 29. mars 2006 (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	
C gegn Finnlandi. Dómur frá 9. maí 2006 (sjá reifun undir 8. gr.).....	
Pereira Henriques o.fl. gegn Lúxemborg. Dómur frá 9. maí 2006 (sjá reifun undir 2. gr.) .....	
Zarb Adami gegn Möltu. Dómur frá 20. júní 2006 (sjá reifun undir 14. gr.) .....	
Bianchi gegn Sviss. Dómur frá 22. júní 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	

<b>7. gr. Engin refsing án laga</b> .....	<b>21</b>
Achour gegn Frakklandi. Dómur frá 29. mars 2006	
<i>Afturvirkni refsilaga.</i> .....	21
<b>8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu</b> .....	<b>23</b>
Mizzi gegn Möltu. Dómur frá 12. janúar 2006 (sjá reifun undir 6. gr.) .....	23
Aoulmi gegn Frakklandi. Dómur frá 17. janúar 2006 (sjá reifun undir 34. gr.) ....	23
Dánarbú Elli Poluhas gegn Svíþjóð. Dómur frá 17. janúar 2006	
<i>Greftrun. Grafarhelgi.</i> .....	23
Goussev og Marenk gegn Finnlandi. Soini o.fl. gegn Finnlandi.	
Dómar frá 17. janúar 2006 (sjá reifun undir 10. gr.) .....	24
Rodrigues da Silva og Hoogkamer gegn Hollandi. Dómur frá 31. janúar 2006	
<i>Dvalarleyfi. Börn.</i> .....	24
Turek gegn Slóvakíu. Dómur frá 14. febrúar 2006	
<i>Skráning og meðferð persónuupplýsinga. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.</i> ....	25
Evans gegn Bretlandi. Dómur frá 7. mars 2006	
<i>Tæknifrjógunarmedferð. Fósturvísar.</i> .....	27
Albanese gegn Ítalíu. Dómur frá 23. mars 2006 (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka) ....	28
Dickson gegn Bretlandi. Dómur frá 18. apríl 2006	
<i>Fangar. Réttur til tæknifrjógunar.</i> .....	29
C gegn Finnlandi. Dómur frá 9. maí 2006	
<i>Forsjarmál. Umgengnisréttur.</i> .....	30
Grant gegn Bretlandi. Dómur frá 23. maí 2006	
<i>Áhrif kynskiptiaðgerðar. Almannatryggingar. Mismunun á grundvelli kynferðis.</i> 32	
Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð . Dómur frá 6. júní 2006	
<i>Persónuupplýsingar. Þjóðaröryggi.</i> .....	33
Lykourazos gegn Grikklandi. Dómur frá 16. júní 2006 (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka) .....	36
Bianchi gegn Sviss. Dómur frá 22. júní 2006	
<i>Forsjarmál. Haagsamningur um brotnám barna.</i> .....	36
<b>9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi</b> .....	<b>39</b>
Kosteski gegn Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 13. apríl 2006	
<i>Helgidagar. Agaviðurlög.</i> .....	39
<b>10. gr. Tjáningarfrelsi</b> .....	<b>41</b>
Goussev og Marenk gegn Finnlandi . Soini o.fl. gegn Finnlandi. Dómar frá 17. janúar 2006	
<i>Meiðyrði. Mótmæli. Húsleit. Haldlagning.</i> .....	41
Giniewski gegn Frakklandi. Dómur frá 31. janúar 2006	
<i>Meiðyrði. Trúarskoðanir.</i> .....	43

Zdanoka gegn Lettlandi. Dómur frá 16. mars 2006 (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka) .....	44
Malisiewicz-Gasior gegn Póllandi. Dómur frá 6. apríl 2006 <i>Meiðyrði. Stjórnámálamenn.</i> .....	45
Raichinov gegn Búlgaríu. Dómur frá 20. apríl 2006 <i>Meiðyrði. Opinberir starfsmenn.</i> .....	47
Stoll gegn Sviss. Dómur frá 25. apríl 2006 <i>Uppljóstrun trúnaðarmála.</i> .....	48
Dammann gegn Sviss. Dómur frá 25. apríl 2006 <i>Trúnaðarupplýsingar. Blaðamenn.</i> .....	50
Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 6. júní 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	51
<b>11. gr. Funda- og félagafrelsi</b> .....	<b>52</b>
Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku. Dómur frá 11. janúar 2006 <i>Félagaskylda. Stéttarfélög.</i> .....	52
Zdanoka gegn Lettlandi. Dómur frá 16. mars 2006 (sjá reifun dóms 3. gr. 1. viðauka) .....	53
Tsonev gegn Búlgaríu. Dómur frá 13. apríl 2006 <i>Bann við starfsemi stjórnmaflukka.</i> .....	54
Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 6. júní 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	55
Öllinger gegn Austurríki. Dómur frá 29. júní 2006 <i>Mótmælafundur. Fundafríður.</i> .....	56
<b>12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar</b> .....	<b>58</b>
Dickson gegn Bretlandi. Dómur frá 18. apríl 2006 (sjá reifun undir 8. gr.).....	58
<b>13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns</b> .....	<b>58</b>
Goussev og Marenk gegn Finnlandi. Soini o.fl. gegn Finnlandi. Dómar frá 17. janúar 2006 (sjá reifun undir 10. gr.) .....	58
Albanese gegn Ítalíu. Dómur frá 23. mars 2006 (sjá reifun undir 3. gr. 1. viðauka) .....	58
Pereira Henriques o.fl. gegn Lúxemborg. Dómur frá 9. maí 2006 (sjá reifun undir 2. gr.) .....	58
Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð. Dómur frá 6. júní 2006 (sjá reifun undir 8. gr. ) .....	58
<b>14. gr. Bann við mismunun</b> .....	<b>59</b>
Mizzi gegn Möltu. Dómur frá 12. janúar 2006 (sjá reifun undir 6. gr.) .....	59
D.H. o.fl. gegn Tékklandi. Dómur frá 7. febrúar 2006 (sjá reifun undir 2. gr. 1. viðauka) .....	59

Evans gegn Bretlandi. Dómur frá 7. mars 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	59
Stec o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 12. apríl 2006.	
<i>Almannatryggingar. Lífeyrisgreiðslur. Mismunun vegna kynferðis.</i> .....	59
Grant gegn Bretlandi. Dómur frá 23. maí 2006 (sjá reifun undir 8. gr.) .....	61
Zarb Adami gegn Möltu. Dómur frá 20. júní 2006	
<i>Kviðdómar. Borgaraskyldur. Mismunun vegna kynferðis.</i> .....	61
<b>34. gr. Kærun einstaklinga</b> .....	<b>64</b>
Aoulmi gegn Frakklandi. Dómur frá 17. janúar 2006	
<i>Brottvísun. Ómannúðleg meðferð. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfan kærunarétt.</i> ....	64
<b>1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar</b> .....	<b>66</b>
Hellborg gegn Svíþjóð. Dómur frá 28. febrúar 2006 (sjá reifun dómsins undir 6. gr.) .....	66
Eko-Elda AVEE gegn Grikklandi. Dómur frá 9. mars 2006	
<i>Skattlagning. Endurgreiðsla ofgreidds skatts.</i> .....	66
Scordino gegn Ítalíu. Dómur frá 29. mars 2006	
<i>Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Eignarnám. Bótafjárhæð. Afturvirkni laga.</i> .....	67
Stec o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 12. apríl 2006 (sjá reifun dómsins undir 14. gr.) .....	69
Grant gegn Bretlandi. Dómur frá 23. maí 2006 (sjá reifun dómsins undir 8. gr.) .....	69
<b>2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar</b> .....	<b>70</b>
D.H. o.fl. gegn Tékklandi. Dómur frá 7. febrúar 2006	
<i>Barnaskólar. Mismunun vegna þjóðernisuppruna.</i> .....	70
Mürsel Eren gegn Tyrklandi. Dómur frá 7. febrúar 2006	
<i>Háskólar. Inntökupróf.</i> .....	71
<b>3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga</b> .....	<b>73</b>
Zdanoka gegn Lettlandi. Dómur frá 16. mars 2006	
<i>Kosningalög. Kjörgengisskilyrði.</i> .....	73
Albanese gegn Ítalíu. Dómur frá 23. mars 2006	
<i>Réttaráhrif gjaldþrotaskipta. Missir kosningaréttar.</i> .....	75
Lykourazos gegn Grikklandi . Dómur frá 16. júní 2006	
<i>Missir þingsættis. Lögmætar væntingar.</i> .....	76



## 1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

**Saddam Hussein gegn Albaníu, Búlgaríu, Króatíu, Tékklandi, Danmörku, Eistlandi, Ungverjalandi, Íslandi, Írlandi, Ítalíu, Lettlandi, Litháen, Hollandi, Póllandi, Portúgal, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Tyrklandi, Úkraínu og Bretlandi.**

**Ákvörðun um meðferðarhæfi kæru frá 14. mars 2006**

**Mál nr. 23276/04**

**1. gr. Skylda til að virða mannréttindi**

**Lögsaga Mannréttindadómstólsins. Yfirráðasvæði.**

### 1. Málsatvik

Kærandi, Saddam Hussein, er íraskur ríkisborgari (f. 1937). Hann var forseti Írak og er nú í gæsluvarðhaldi. Hinn 20. mars 2003 réðust Bretland og Bandaríkin inn í Írak, að sögn með stuðningi 21 aðildarríkis Evrópuráðsins. Snemma í apríl náði Bandaríkjaher yfirræðum í Bagdad og 16. apríl 2003 tilkynnti Bandaríkjaher um borgaralega stjórn Bandaríkjamanna í Írak (CPA) sem færi tímabundið með völd í landinu. Hinn 13. maí skipaði varnarmálaráðherra Bandaríkjanna Bremer sendiherra sem yfirmann borgaralegrar stjórnar Bandaríkjamanna í Írak. Hinn 13. júlí var myndað íraskt yfirræð (IGC) en fyrrgreindur Bremer gat hins vegar beitt neitunarvaldi við öllum ákvörðunum þess. Borgaraleg stjórn Bandaríkjamanna og íraska yfirræðið áttu að samhæfa allar aðgerðir sínar sem vörðuðu tímabundna stjórn Íraks. Hinn 13. desember 2003 handtóku bandarískir hermenn kæranda nálægt Tikrit.

Hinn 8. júní 2004 gaf öryggisráð Sameinuðu þjóðanna út ályktun nr. 1546/2004 þar sem það lýsti yfir stuðningi sínum við að sett væri upp bráðabirgðastjórn í Írak sem fengi 30. júní 2004 fulla ábyrgð og vald yfir landinu. Allt vald CPA var fengið bráðabirgðastjórn Íraks 28. júní 2004. Hinn 30. sama mánaðar var kærandi afhentur íröskum stjórnvöldum.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kæran varðaði handtöku kæranda, gæsluvarðhald og afhendingu hans til íraskra yfirvalda, sem og dómsmál sem rekið er gegn honum. Byggðist kærán á 2. gr., 3. gr., 5. gr. og 6. gr. sáttmálans sem og 1. gr. 6. og 13. viðauka við sáttmálann sem varðaði afnám dauðarefsingar.

Kærandi byggði á því að hann yrði tekinn af lífi eftir að hafa verið sakfelldur í því sem hann kallaði sýndarréttarhöld gegn sér þar sem hann hefði ekki fengið að taka til varna. Byggði kærandi á því að hann félli innan yfirráðasvæðis þeirra landa, 21 að tölu, sem kærán beindist gegn, en hann byggði á því að umrædd lönd hefðu haft de facto völd í Írak, jafnvel eftir valdatilfærsluna í júní 2004 til ríkisstjórnar Íraks.

## 1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi kæranda ekki hafa sýnt fram á að hann væri innan yferráðasvæðis hinna kærðu samningsaðila. Kærandi gæti heldur ekki talist hafa fallið innan yferráðasvæðis samningsaðilanna á grundvelli valda þeirra yfir því landsvæði þar sem hin ætluðu brot gegn kæranda höfðu átt sér stað. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á að hin kærðu ríki bæru nokkra ábyrgð á eða hefðu tekið þátt í handtöku hans eða gæsluvarðhaldi. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á neina grundvallarreglu alþjóðalaga sem leiða kynni til þeirrar niðurstöðu að ríkin hefðu verið hluti af her Bandaríkjamanna á þeim tíma sem umræddar aðgerðir sem kæran varðaði áttu sér stað.

Þar af leiðandi taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á nein réttartengsl milli kæranda og hinna kærðu ríkja eða að líta mætti svo á að kærandi félli innan yferráðasvæðis þeirra í skilningi 1. gr. sáttmálans. Var kæra hans því ekki talin tæk til efnislegrar meðferðar fyrir dómnum og vísað frá.

---

## 2. gr. Réttur til lífs

---

**Evans gegn Bretlandi**

**Dómur frá 7. mars 2006**

**Mál nr. 6339/05**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Tæknifrjóvgunarmedferð. Fósturvísar.*

**Pereira Henriques o.fl. gegn Lúxemborg**

**Dómur frá 9. maí 2006**

**Mál nr. 60255/00**

**2. gr. Réttur til lífs**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

*Vinnuslys. Rannsókn. Aðgangur að dómstólum. Réttindi að einkamálarétti.*

### 1. Málsatvik

Kærendur, Maria Cecilia Pereira Henriques (f. 1948), og börn hennar, Christina Maria (f. 1968) og Joao Manual Pereira Henriques (f. 1972), eru portúgalskir ríkisborgarar, og eru þau búsett í Lúxemborg og Tondela í Portúgal. Maria er ekkja Coimbra Henriques, verkamanns sem lést í vinnuslysi í febrúar 1995, en aðrir kærendur eru börn þeirra.

Coimbra Henriques var starfsmaður fyrirtækisins G sem vann að niðurrifi byggingar á Boulevard Royal nr. 30 í Lúxemborg. Byggingin hafði verið rífin niður að hluta til í því skyni að auka á stöðugleika aðliggjandi byggingar. Hinn 2. febrúar 1995 var Coimbra ásamt öðrum verkamanni við vinnu á 2. hæð byggingarinnar þegar veggur af 4. hæð hrundi yfir þá með þeim afleiðingum að þeir höfnuðu á jarðhæð. Coimbra lést í slysinu en hinn verkamaðurinn slasaðist alvarlega. Sama dag mætti eftirlitsmaður frá vinnueftirlitinu ásamt lögreglumönnum, rannsóknardómara og fulltrúa ákærvaldsins á vinnusvæðið. Eftir skýrslutökur undirbjó lögreglan kærur á hendur verktakanum fyrir manndráp af gáleysi ásamt brotum á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Einnig var fyrirskipað að allri vinnu á svæðinu skyldi hætt. Í apríl 1995 lagði vinnueftirlitið svo fram skýrslu til ákærvaldsins um aðdraganda slyssins og aðstæður á slysstað. Í skýrslunni kom helst fram að samkvæmt framburði ýmissa vitna hefði umræddur veggur verið skoðaður til að kanna stöðugleika hans. Jafnframt hefði ákærvaldið hafnað tillögu vinnueftirlitsins um að fengin yrði skýrsla sérfræðings um málið.

Rannsóknaryfirvöld gátu ekki komist að einróma niðurstöðu um ástæður þess að veggurinn hrundi. Hinn 17. maí 1996 ákvað ákærvaldið síðan að fella málið niður. Kærendur kröfðust þess fyrir sakadómi að framkvæmdastjórar verktakafyrirtækjanna yrðu sóttir til saka fyrir að valda dauða Coimbra Henriques með því að hafa ekki

## 2. gr. Réttur til lífs

uppfyllt lágmarkskröfur um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Þeir kröfðust jafnframt skaða- og miskabóta vegna þess tjóns sem þau höfðu orðið fyrir. Sakadómur komst að þeirri niðurstöðu að vísa skyldi kæru þeirra frá á grundvelli 115. gr. laga um almannatryggingar en þar kom fram að hvorki fórnarlömb slysa né afkomendur þeirra hefðu kærurétt gagnvart vinnuveitanda nema í tilvikum þar sem slysi hefði verið valdið af ásetningi.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærendur héldu því fram að engin raunveruleg, skilvirk rannsókn á dauða eiginmanns þeirra og föður hefði verið gerð. Þeir héldu því einnig fram að þeim hefði verið neitað um aðgang að dómstólum á grundvelli 115. gr. laga um almannatryggingar og hefðu ekki haft raunhæf úrræði til að láta skera úr um aðstæður dauða Coimbra Henriques. Með þessu töldu þeir brotið á réttindum sínum sem fólgin væru í 2. gr. um rétt til lífs, rétti til aðgangs að dómstólum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og rétti til raunhæfs úrræðis samkvæmt 13. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Um 2. gr.: Dómstóllinn leit til þess að með því að ákærvaldið ákvað að líta framhjá tillögu vinnueftirlitsins um að fá skýrslu sérfræðings var komið í veg fyrir að skýrð væru ákveðin atriði sem enn voru óljós eftir frumrannsóknina. Taldi dómstóllinn því að ákærvaldið hefði ekki tryggt að dánarorsök væri ljós og að þeir sem ábyrgir væru yrðu láttnir sæta þeirri ábyrgð. Að mati dómstólsins var það sérstaklega mikilvægt að ákærvaldið framkvæmdi ítarlega rannsókn þar sem því mátti vera ljóst að aðstandendur hins látna gætu ekki leitað svara né skýringa hjá verktakanum vegna 115. gr. laga um almannatryggingar.

Í ljósi þessa taldi dómstóllinn einróma að rannsóknin hefði ekki verið skilvirk í máli þessu og því hefði verið brotið gegn formhluta 2. gr.

Um 1. mgr. 6. gr.: Í ljósi þess að samkvæmt þágildandi lögum töldust kærendur ekki eiga réttindi að einkamálarétti í skilningi 1. mgr. 6. gr. komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að greinin ætti ekki við og hefði því ekki verið brotin.

Um 13. gr.: Þar sem ríkisstjórn Lúxemborgar hafði ekki sýnt fram á að kærendur hefðu haft raunhæft úrræði til að leita réttar síns og bóta í kjölfar hinnar óskilvirkur rannsóknar komst dómstóllinn einróma að því að 13. gr. hefði verið brotin.

Á grundvelli 41. gr. dæmdi dómstóllinn kærendum 60.000 evrur í miskabætur og 12.000 evrur vegna málskostnaðar.

Einn dómari skilaði séráliti.

## 2. gr. Réttur til lífs

**Taís gegn Frakklandi**

**Dómur frá 1. júní 2006**

**Mál nr. 39922/03**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**Varðhald. Mannslát. Rannsókn.**

### 1. Málsatvik

Kærendur, Suzette Taís og eiginmaður hennar Mohammed Taís, eru franskir ríkisborgarar, 68 ára gömul og búsett í Saint-Pierre Du Mont í Frakklandi.

Hinn 6. apríl 1993 voru sonur þeirra, Pascal Taís, og unnusta hans stöðvuð á bifreið sinni, yfirheyrð vegna minni háttar umferðaróhapps og í framhaldinu færð á lögreglustöð í Arachon. Þau voru síðar færð á spítala til frekari skoðunar. Þegar Pascal Taís neitaði að láta skoða sig og veitti mótspyrnu löndu lögreglumenn hann með kylfum á hendur, fætur og brjóst. Þeir slógu hann einnig utan undir til að reyna að róa hann niður. Læknirinn sem skoðaði Taís útskrifaði hann af spítalanum og um kl. 0.15 var Taís, sem var sýnilega ölvaður, færður í klefa á lögreglustöðinni til að sofa úr sér áfengisvímuna. Unnusta hans var einnig færð í varðhald. Pascal Taís kallaði og öskraði hluta næturinnar. Um kl. 7.30 fannst hann látinn í klefa sínum. Samkvæmt varðhaldsskýrslu sem skráð var þetta kvöld var litið inn til hans á 15 mínútna fresti til kl. 5 og eftir það á hálf tíma fresti til kl. 7 án þess að athugasemdir væru gerðar.

Þennan sama dag skipaði saksóknari Bordeaux frönsku ríkislögreglunni að rannsaka dánarorsök Pascal Taís. Krufning leiddi í ljós að Taís lést vegna blæðinga í kjölfar rifins milta. Fram kom að hann var með sár aftan á höfðinu, hrúfl og ýmsa marbletti, aðallega á andliti, brjóstakassa og útlimum. Jafnframt kom fram að Pascal Taís, sem var sýktur af alnæmi, hafði verið veikur fyrir.

Hinn 19. apríl 1993 lögðu kærendur, foreldrar hins látna, fram kæru gegn ónefndum mönnum fyrir manndráp af gáleysi og fyrir að aðstoða ekki mann í neyð. Jafnframt settu þeir fram einkaréttarlegar kröfur. Rannsókn hófst og voru í kjölfar hennar gerðar ýmsar sérfræðiskýrslur að beiðni rannsóknardómara. Hinn 28. júní 1996 komst rannsóknardómari að því að lögreglumennirnir sem héldu Taís í varðhaldi gætu ekki talist bendlaðir við málið. Óljóst væri hvernig Taís hlaut meiðslin sem drógu hann til dauða og ekki væri hægt að fullyrða hvað gerðist morguninn sem hann dó.

Við áfrýjun kæranda komst áfrýjunardómstóll að sömu niðurstöðu. Að mati hans var líklegasta niðurstaðan, án þess að það væri þó sannað, að meiðslin hefðu komið til við fall Taís í fangaklefa, en ómögulegt væri að segja hvort það fall hefði orðið með vilja hans eða ekki.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### **Kæran**

Kærendur vísuðu til 2. og 3. gr. sáttmálans og héldu því fram að sonur þeirra hefði látist af völdum áverka sem lögreglumenn veittu honum og að hann hefði hvorki fengið

## 2. gr. Réttur til lífs

aðhlyningu né verið haft eftirlit með honum meðan hann var í varðhaldi. Þá hefði rannsókn á dauða hans ekki verið nægilega skilvirk.

### Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn minnti á að aðilar sem eru í varðhaldi væru í viðkvæmri stöðu og yfirvöld bæru ábyrgð á meðferð þeirra. Þegar aðili væri tekinn í varðhald við góða heilsu en deyr síðan bæri stjórnvöldum að færa fram haldbæra skýringu á atburðum þeim er leiddu til dauðans.

*Dauði Pascal Taïs.* Sú staðhæfing að Pascal Taïs hefði látist eftir fall á horn bekkjar í klefanum meðan áfengisvíma var að renna af honum þótti ekki fá stoð í krufningar-skýrslu, en ósamræmi væri milli þeirrar skýrslu og matsgerða lækna sem fengnar hefðu verið í málinu. Þá var litið til lýsinga á hegðun Taïs um nóttina og hvernig aðkoma var að líki hans. Að síðustu veitti dómstóllinn því athygli að rannsóknardómarinn neitaði beiðni kæranda um endurgerð atburðarásarinnar vegna þess að ekki var ljóst undir hvaða kringumstæðum atburðirnir áttu sér stað. Þótti franska ríkið því ekki hafa fært fram haldbærar skýringar á dauða Taïs. Dómstóllinn taldi einnig að virtum atvikum málsins, meðal annars samkvæmt framburði hreingerningarfólks á stöðinni, að Taïs hefði ekki hlotið nægilega aðhlyningu og eftirlit meðan hann var í haldi.

Rannsóknin á dauða Pascal Taïs. Dómstóllinn ítrekaði að skjót viðbrögð yfirvalda væru nauðsynleg þegar verið væri að rannsaka dauða manns í varðhaldi í því skyni viðhalda trú almennings á réttarríkinu og svo að ekki liti svo út að ólögleg athæfi væru liðin. Í máli þessu, sem tók 10 ár að ljúka, hafi ekki tekist að upplýsa hvernig dauða hans bar að. Síðara sérfræðiálit sem aflað var hafi ekki verið gert fyrr en 3 árum eftir atburðina og rannsóknardómari tók ekki skýrslur af lögreglumönnum fyrr en 4 árum eftir atburðina. Í ljósi málsatvika taldi dómstóllinn að frönsk yfirvöld hefðu ekki brugðist nægilega hratt við.

Að auki hefði ekki verið aflað gagna frá unnustu Pascal Taïs, þrátt fyrir að hún hefði verið á lögreglustöðinni umrætt kvöld. Þá hefði verið óheppilegt að rannsóknardómari leyfði ekki endurgerð atburðanna eftir að ljóst var að meiðslin áttu sér stað í varðhaldi, en það hefði getað varpað betra ljósi á það hvernig meiðslin á miltanu voru til komin.

Að síðustu dró dómstóllinn í vafa gildi sálfræðimats sem gert var eftir dauða Taïs sem gaf í skyn að hann hefði framið sjálfsmorð. Að lokum taldi dómstóllinn að frönsk yfirvöld hefðu ekki framkvæmt nægilega skilvirka rannsókn, sérstaklega hvað varðaði málshraða, á kringumstæðunum varðandi dauða Pascal Taïs.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið 2. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Þar sem dómstóllinn hafði þegar tekið kærur til greina undir 2. gr. taldi hann ekki þörf á því að skoða þær sérstaklega undir 3. gr.

Á grundvelli 41. gr. dæmdi dómstóllinn kærendum saman 50.000 evrur í miskabætur og 20.000 evrur í málskostnað.

Þrjú dómáramur skiluðu séráliti.

---

### 3. gr. Bann við pyndingum

---

**Aoulmi gegn Frakklandi**

**Dómur frá 17. janúar 2006**

**Mál nr. 50278/99**

**Sjá reifun dómsins undir 34. gr.**

*Brottvísun. Ómannúðleg meðferð. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfan kærurétt.*

**Tais gegn Frakklandi**

**Dómur frá 1. júní 2006**

**Mál nr. 39922/03**

**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**

*Varðhald. Mannslát. Rannsókn.*

---

### 4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

---

**Zarb Adami gegn Möltu**

**Dómur frá 20. júní 2006**

**Mál nr. 17209/02**

**Sjá reifun dómsins undir 14. gr.**

*Kviðdómar. Borgaraskyldur. Mismunun vegna kynferðis.*

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Mizzi gegn Möltu

Dómur frá 12. janúar 2006

Mál nr. 26111/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

*Aðgangur að dómstólum. Faðernisákvörðun.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Maurice Mizzi, er maltneskur ríkisborgari (f. 1963) og býr á Möltu. Árið 1967 eignaðist eiginkona hans stúlkubarnið Y, en kæranda grunaði af ýmsum ástæðum að hann væri ekki líffræðilegur faðir barnsins. Kærandi var skráður faðir barnsins í samræmi við innlend lög. Hann og eiginkona hans skildu árið 1968, en eiginkonan féllst ekki á blóðrannsókn. Árið 1990 eða 1993 (umdeilt) samþykkti Y mannfæðingarrannsókn á faðerni sínu sem sýndi að kærandi var ekki faðir hennar. Árið 1996 höfðaði kærandi mál þar sem hann krafðist þess að honum væri heimilt að vefengja faðerni Y og vísaði meðal annars til 8. gr. mannréttindasáttmálans. Samkvæmt maltneskum lögum sem giltu á fæðingardegi Y gat eigenmaður því aðeins vefengt faðerni barns eiginkonu sinnar vegna hjúskaparbrotis að hann sannaði brotið og að hann hefði verið leyndur fæðingu barnsins. Síðargreinda skilyrðið var fellt úr lögum árið 1993, en þá var settur 6 mánaða málshöfðunarfræstur frá fæðingardegi barns til höfðunar vefengingarmáls. Krafa kæranda var tekin til greina af undirrétti en dómurinn felldur úr gildi og kröfu hans hafnað af stjórnlagadómstóli Möltu.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að réttur hans til aðgangs að dómstólum samkvæmt 6. gr. sáttmálans hefði verið skertur með því að honum hefði verið óheimilt að hafa uppi kröfu um vefengingu faðernis Y. Þá taldi hann að *pater est*-regla maltneskra laga væri óhóflegt inngrip í rétt hans til einka- og fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þá taldi hann að honum hefði verið mismunað að því er varðaði réttarvernd samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. þannig að 14. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

#### *Niðurstaða*

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn taldi málið varða „réttindi og skyldur manns að einkamálarétti“ og 1. mgr. 6. gr. sáttmálans ætti því við. Þá var fallist á það með kæranda að möguleikar hans á því að fá faðerni Y vefengt hefðu verið nánast engir, hvort heldur var árið 1967 eða eftir breytinguna sem gerð var á maltneskum lögum árið 1993. Hefði réttur kæranda samkvæmt 6. gr. verið skertur og þyrfti að kanna hvort sú



## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

skerðing yrði réttlætt. Dómstóllinn vísaði til þess að málshöfðunarfrestir væru til þess fallnir að tryggja skilvirka dómsýslu og koma í veg fyrir óvissu um réttindi manna og skyldur. Þá gætu þeir þjónað hagsmunum barns sem ætti rétt á því að skorið væri úr um foreldri þess án ástæðulauss dráttar. Fallast mætti á að skilyrði maltneskra laga, um að fæðingu barns hefði verið haldið leyndri fyrir skráðum föður, þjónaði svipuðum hagsmunum. Hins vegar taldi dómstóllinn að líta yrði til þess að kæranda hefði í raun verið fyrirmanað að fá skorið úr um faðerni Y fyrir dómstólum, fyrst vegna skilyrðis maltneskra laga um að fæðingu barns hefði verið haldið leyndri en síðar vegna sex mánaða málshöfðunarfrests. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. þar sem ekki hefði verið gætt meðalhófs við skerðingu réttar kæranda samkvæmt greininni.

Um 8. gr.: Dómstóllinn sló því föstu að málið félli innan marka 8. gr. sáttmálans og rifjaði upp meginsjónarmið við túlkun greinarinnar, en greinin legði m.a. jákvæðar skyldur á aðildarríkin. Var áréttað að það væri ekki dómstólsins að kveða á um hvers konar fyrirkomulagi væri komið á í aðildarríkjunum við úrlausn faðernismála. Myndi því dómstóllinn aðeins skoða hvort það fyrirkomulag sem aðildarríkið hefði komið á væri innan marka þess mats sem það hefði samkvæmt 8. gr.

Rifjað var upp að kæranda hefði verið ómögulegt að fá skorið úr um faðerni sitt á Y fyrir innlendum dómstólum, jafnvel þótt fyrir hefði legið mannfæðisleg rannsókn þess efnis að kærandi væri ekki faðir Y. Taldi dómstóllinn að ekki hefði verið sýnt fram á að svo umfangsmikil takmörkun á rétti kæranda til að höfða vefengingarmál væri nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Það var enn fremur álit dómstólsins að hugsanlegir hagsmunir Y af því að njóta vissu um hver faðir hennar væri gætu ekki vegið þyngra en hagsmunir kæranda af því að fá a.m.k. eitt tækifæri til að vefengja faðerni barns sem vísindaleg gögn bentu til að væri ekki hans.

Var það mat dómstólsins að fortakslaus takmörkun á rétti kæranda til málshöfðunar gengi of langt með hliðsjón af því markmiði sem að væri stefnt með ákvæðum laga um höfðun máls til vefengingar faðernis. Var þannig álit dómstólsins að ekki hefði verið gætt meðalhófs milli þess lögmæta markmiðs að slá föstu réttarsambandi fjölskyldumeðlima og hins vegar réttar kæranda til að fá endurskoðaða ákvörðun um faðerni hans að Y. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brotið 8. gr. sáttmálans.

Um 14. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. og 8. gr.: Dómstóllinn leit til þess að aðrir frestir giltu um málshöfðun kæranda til vefengingar faðernis Y en um hugsanlega málshöfðun móður og barns, en slíkt fyrirkomulag hafði verið talið samræmast sáttmálanum í fyrri úrlausnum dómstólsins. Dómstóllinn taldi þetta mál hins vegar ekki sambærilegt þar sem kærandi hefði verið sviptur öllum möguleikum til að fá skorið úr um kröfu sína, en slík takmörkun hefði ekki gilt um aðra. Taldi dómstóllinn því að brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans, sbr. 6. og 8. gr. hans.

Kæranda voru dæmdar 5.000 evrur í miskabætur og 40.000 evrur í málskostnað.  
Einn dómari skilaði séráliti.

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

**Goussev og Marenk gegn Finnlandi**  
**Soini o.fl. gegn Finnlandi**  
**Dómar frá 17. janúar 2006**  
**Mál nr. 35083/97 og 36404/97**  
**Sjá reifun dómsins undir 10. gr.**  
*Meiðyrði. Mótmæli. Húsleit. Haldlagning.*

**Turek gegn Slóvakíu**  
**Dómur frá 14. febrúar 2006**  
**Mál nr. 57986/00**  
**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**  
**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**  
**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**  
*Skráning og meðferð persónuupplýsinga. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

**Hellborg gegn Svíþjóð**  
**Dómur frá 28. febrúar 2006**  
**Mál nr. 47473/99**  
**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar**  
**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**  
*Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Munnleg málsmeðferð. Lóðarkvaðir. Byggingarleyfi.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Bengt Hellborg, er sænskur ríkisborgari (f. 1940) og býr í Svíþjóð.

Faðir kæranda lagði árið 1989 fram fyrirspurn um hvort honum væri heimilt að reisa viðbyggingu á lóð sinni. Fyrirspurninni var svarað neitandi í ágúst 1991 en svo fallist á hana með forákvörðun í apríl 1992 eftir að nýtt deiliskipulag fyrir svæðið hafði verið fellt úr gildi. Þá var kærandi orðinn eigandi eignarinnar eftir lát föður síns. Samkvæmt ákvörðuninni átti kærandi rétt á byggingarleyfi ef sótt yrði um það innan tveggja ára. Kærandi sótti um byggingarleyfi í október 1992. Í febrúar 1997 hafnaði byggingarnefnd beiðni kæranda um byggingarleyfi, en þá hafði nýtt deiliskipulag sem tók mið af viðbyggingu kæranda verið fellt úr gildi að kröfu eigenda tveggja nágrannalóða. Þá var forákvörðunin frá apríl 1992 felld úr gildi í mars 2000. Kærandi skaut málinu til sænskra dómstóla án árangurs. Við meðferð málsins hjá áfrýjunardómstól var beiðni hans um munnlega meðferð málsins hafnað.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi eignarréttar hans samkvæmt 1.

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

gr. 1. viðauka við sáttmálann þar sem honum hefði ekki verið leyft að byggja á lóð sinni. Þá taldi hann lengd málsmeðferðar vegna byggingarleyfisins hafa verið óhóflega og synjun um að málið fengi munnlega málsmeðferð fyrir dómi leiða til þess að réttur hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Sáttmálans hefði verið brotinn.

### *Niðurstaða*

1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að í samræmi við forákvörðun í apríl 1992 hefði hvílt sú skylda á byggingarnefndinni að sænskum lögum að gefa út byggingarleyfi til kæranda þegar hann sótti um það í október sama ár. Þar sem byggingarnefndin hafði ekki gert það taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Skipti þá einu þótt útgáfa byggingarleyfisins hefði hugsanlega orðið tilefni til aðgerða af hálfu nággranna kæranda. Var því talið að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans að því er varðaði rétt kæranda til að nýta eign sína. Að öðru leyti var hins vegar ekki talið að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt greininni.

1. mgr. 6. gr. sáttmálans: Áfrýjun kæranda til æðri dómstóls varðaði málefni sem snerti túlkun laga og hugsanlega einnig staðreyndir máls. Dómstóllinn taldi engar haldbærar ástæður fyrir því að kæranda var neitað um að málið yrði flutt munnlega. Meðferð máls kæranda í heild hófst 14. ágúst 1991 og lauk 15. september 2004. Með tilliti til atvika málsins taldi dómstóllinn þann tíma óhóflega langan og ekki í samræmi við kröfu greinarinnar um að málsmeðferð sé innan hæfilegs tíma. Var það því samhljóða álit dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Ekki var fallist á það sjónarmið sænska ríkisins að kærandi hefði ekki orðið fyrir neinu tjóni. Dómstóllinn dæmdi kæranda 25.000 evrur fyrir fjárhagslegt og ófjárhagslegt tjón auk 17.200 evra í málskostnað.

### **Scordino gegn Ítalíu**

**Dómur frá 29. mars 2006 – Yfirdeild**

**Mál nr. 36813/97**

**Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka.**

***Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Eignarnám. Bótafjárhæð. Afturvirkni laga.***

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

---

**C gegn Finnlandi**  
**Dómur frá 9. maí 2006**  
**Mál nr. 18249/02**  
**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**  
***Forsjármál. Umgengnisréttur.***

**Pereira Henriques o.fl. gegn Lúxemborg**  
**Dómur frá 9. maí 2006**  
**Mál nr. 60255/00**  
**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**  
***Vinnuslys. Rannsókn. Aðgangur að dómstólum. Réttindi að einkamálarétti.***

**Zarb Adami gegn Möltu**  
**Dómur frá 20. júní 2006**  
**Mál nr. 17209/02**  
**Sjá reifun dómsins undir 14. gr.**  
***Kviðdómar. Borgaraskyldur. Mismunun vegna kynferðis.***

**Bianchi gegn Sviss**  
**Dómur frá 22. júní 2006**  
**Mál nr. 7548/04**  
**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**  
***Forsjármál. Haagsamningur um brotnám barna.***

---

## 7. gr. Engin refsing án laga

---

**Achour gegn Frakklandi**  
**Dómur frá 29. mars 2006 - Yfirdeild**  
**Mál nr. 67335/01**  
**7. gr. Engin refsing án laga**  
*Afturvirkni refsilaga.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er 42 ára, alsírskur ríkisborgari og býr í Frakklandi. Þann 16. október 1984 var hann dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir fíkniefnasölu og lauk hann afplánun fangelsisvistarinnar 12. júlí 1986. Hinn 1. mars 1994 tóku gildi breytingar á hegningarlögum hvað varðaði ítrekun brota. Þessi nýju ákvæði mæltu fyrir um að sá sem væri sakfelldur á ný fyrir alvarlegt hegningarlagabrot eða brot sem varðaði 10 ára fangelsisvist, innan tíu ára frá því að fullnustu refsingar vegna fyrra brots lauk, skyldi sæta tvöfaldri hámarksfangelsisrefsingu.

Hinn 14. apríl 1997 var kærandi dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir fíkniefnabrot framin á árinu 1995 og vísað brott úr Frakklandi til 10 ára. Hinn 25. nóvember lengdi áfrýjunardómstóll fangelsisdóm kæranda í 12 ár með hliðsjón af áðurgreindum breytingum á hegningarlögum. Kærandi áfrýjaði dómnum og byggði á því að afturvirkni umræddra ákvæða leiddi til þyngri refsingar en áður hefði gilt. Var áfrýjun kæranda vísað frá.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi beitingu nýrra ákvæða hegningarlaga um ítrekun sem leiddi til þess að refsing hans var þyngd fela í sér afturvirkni og brjóta gegn rétti hans samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða deildar*

Deild dómstólsins komst að þeirri niðurstöðu í dómi sínum þann 10. nóvember 2004 að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans. Var málinu í kjölfarið vísað til yfirdeildar dómstólsins.

#### *Niðurstaða yfirdeildar*

Dómstóllinn rakti að ríkjum væri frjálst að ákveða eigið viðurlagakerfi og breyta því þegar við ætti að þeirra mati, m.a. með því að auka refsingar við tilteknum brotum. Val ríkja á viðurlagakerfi væri utan lögsögu dómstólsins, enda gengi það ekki gegn þeim grundvallarreglum sem sáttmálinn byggðist á. Í máli kæranda þurfti dómstóllinn því að meta hvort frönsk lög og dómaframkvæmd hefðu verið fyrirsjáanleg og aðgengileg á þeim tíma sem málið varðaði.

### 7. gr. Engin refsing án laga

Dómstóllinn rakti að breytingarákvæði hegningarlögunum hefðu kveðið á um að hámarksrefsing skyldi tvöfölduð við ítrekun brots innan 10 ára í stað 5 ára áður frá fyrningu eða gildistíma refsingar vegna fyrra brots. Þar sem þessar breytingar á hegningarlögunum höfðu tekið gildi 1. mars 1994 hefðu þær verið í gildi þegar kærandi gerðist sekur um brot sín árið 1995. Þá rakti dómstóllinn að yfirréttur ríkisins hefði mótað skýra og staðfasta venju um það að þegar sett væru ákvæði um refsingu vegna endurtekningar brota væri nægjanlegt að seinna brotið hefði verið framið eftir að breytingarlögin tóku gildi. Var því að mati dómstólsins enginn vafi á því að kærandi gat séð fyrir að með því að fremja aftur brot áður en refsing hans fyrndist 13. júlí 1996 vegna fyrri brota, gat hann átt það á hættu að verða ákveðin refsing fyrir seinna brotið með tilliti til umræddrar ítrekunarreglu. Var því ekki brotið á rétti kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

**Mizzi gegn Möltu**  
**Dómur frá 12. janúar 2006**  
**Mál nr. 26111/02**  
**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**  
*Aðgangur að dómstólum. Faðernisákvörðun.*

**Aoulmi gegn Frakklandi**  
**Dómur frá 17. janúar 2006**  
**Mál nr. 50278/99**  
**Sjá reifun dómsins undir 34. gr.**  
*Brottvísun. Ómannúðleg meðferð. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfan kærurétt.*

**Dánarbú Elli Poluhas gegn Svíþjóð**  
**Dómur frá 17. janúar 2006**  
**Mál nr. 61564/00**  
**8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**  
*Greftrun. Grafarhelgi.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er sænskur ríkisborgari, kona fædd árið 1913. Árið 1963 dó eiginmaður kæranda og var aska hans grafin í fjölskyldugrafreit í kirkjugarði. Árið 1996 bað kærandi kirkjugarðsyfirvöld um að heimila flutning á duftkeri sem geymdi ösku eiginmannsins yfir í fjölskyldugrafreit í Stokkhólmi, þar sem fyrirhugað var að grafa kæranda síðar. Var beiðni kæranda hafnað á grundvelli ákvæða laga um greftrun þar sem mælt var fyrir um grafarhelgi. Kærur hennar á ákvörðuninni voru án árangurs.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi ákvörðun um að hafna flutningi duftkersins hafa brotið gegn réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn leit til þess að flutningur duftkersins virtist einfaldur og að ekki stafaði hættu af honum fyrir lýðheilsu. Á hinn bóginn væri til þess að líta að ekki hefði verið sýnt fram á að eiginmaður kæranda hefði ekki verið grafinn í samræmi við óskir hans sjálfs, enda mætti ætla að almennt væri tekið tillit til óska hins látna við greftrun. Eiginmaður kæranda, eða þau í sameiningu, hefðu getað ákveðið að hann yrði grafinn í fjöl-

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skyldugrafreit kæranda í Stokkhólmi. Hann hafi hins vegar verið grafinn í þeim bæ sem hann hafði lifað og starfað í um 25 ár, og þar eignaðist hann fjölskyldu. Þá voru engar takmarkanir á því fyrir kæranda að láta grafa sig í grafreit eiginmannsins. Dómstóllinn taldi því ákvörðun sænskra stjórnvalda innan þess svigrúms til mats sem ríkin hefðu þegar tryggðir væru annars vegar hagsmunir einstaklinga og hins vegar þjóðfélagsins með tilliti til grafarhelgi. Taldi dómstóllinn því að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

**Goussev og Marenk gegn Finnlandi**  
**Soini o.fl. gegn Finnlandi**  
**Dómar frá 17. janúar 2006**  
**Mál nr. 35083/97 og 36404/97**  
**Sjá reifun dómsins undir 10. gr.**  
***Meiðyrði. Mótmæli. Húsleit. Haldlagning.***

**Rodrigues da Silva og Hoogkamer gegn Hollandi**  
**Dómur frá 31. janúar 2006**  
**Mál nr. 50435/99**  
**8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**  
***Dvalarleyfi. Börn.***

### 1. Málsatvik

Kærandinn, da Silva, kom til Hollands frá Brasilíu í júní 1994 og hóf hún þar sambúð með hollenskum karlmanni, Hoogkamer, án þess þó að hafa dvalarleyfi í landinu. Þau eignuðust dótturina Rachael í febrúar 1996 og gekkst Hoogkamer við faðerninu. Öðlaðist dóttirin við það hollenskan ríkisborgarétt. Da Silva og Hoogkamer slitu samvistum 1997. Bjó Rachael hjá föður sínum sem fékk síðar dæmda forsjá yfir henni. Byggðu dómstólar ákvörðun sína um forsjá föðursins á matsgerð dómkvadds matsmanns þar sem fram kom að það yrði barninu erfitt væri það rífið frá rótum sínum í Hollandi og skilið frá föður sínum og föðurforeldrum. Í millitíðinni sótti da Silva um dvalarleyfi í Hollandi en án árangurs. Ákvörðun ráðuneytis um að synja um dvalarleyfi var m.a. byggð á því að kærandi hefði hvorki greitt skatta né önnur velferðarframlög, en hún hafði unnið ólöglega í landinu. Taldi ráðuneytið að efnahagslegir hagsmunir Hollands vægju þyngra en réttur da Silva til dvalar í Hollandi. Umrædd ákvörðun var staðfest við áfrýjun. Þrátt fyrir það að hafa verið vísað úr landi hélt da Silva áfram að búa og vinna í Hollandi. Rachael dvaldi hjá henni um helgar og hjá föðurforeldrum sínum á virkum dögum, sem voru sáttir við þá tilhögun.



## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærendur töldu synjun um að veita da Silva dvalarleyfi gæti leitt til þess að Rachael yrði skilin frá móður sinni og að það bryti réttindi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að Rachael hefði verið alin upp af foreldrum sínum í sameiningu og að hún hefði sérstaklega sterk tengsl við föðurforeldra sína sem einnig hefðu tekið þátt í uppeldi hennar. Brottvísun da Silva myndi leiða til þess að ómögulegt væri fyrir hana að viðhalda reglulegu sambandi við Rachael sem var aðeins þriggja ára þegar lokaákvörðun um brottvísun tók gildi.

Dómstóllinn taldi að brottvísun da Silva myndi hafa víðtækar afleiðingar fyrir fjölskyldulíf hennar með dóttur sinni og að það væri Rachael fyrir bestu að móðir hennar dveldi í Hollandi. Var það því mat dómstólsins að efnahagslegir hagsmunir Hollands vægju ekki þyngra en réttindi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Gilti einu þótt da Silva hefði dvalist ólöglega í Hollandi þegar Rachael var fædd. Enn fremur var það mat dómstólsins að áhersla stjórnvalda á það að da Silva hefði ekki dvalist löglega í Hollandi mætti teljast of mikil reglufesta í þessu sambandi.

Var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans og að með þeirri niðurstöðu væri fullnægt rétti kæranda til sanngjarnra bóta.

### Turek gegn Slóvakíu

Dómur frá 14. febrúar 2006

Mál nr. 57986/00

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Skráning og meðferð persónuupplýsinga. Málsmeðferð innan hæfilegs tíma.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi er Slóvaki (f. 1944) og býr í Slóvakíu. Hann var háttsettur embættismaður innan mennta- og skólakerfis Slóvakíu. Árið 1992 var óskað eftir mati á kæranda samkvæmt svokölluðum hreinsunarlögum sem fólu í sér ýmsar kröfur til embættismanna og könnun á ferli þeirra. Kærandi fékk neikvætt öryggismat með vísan til þess að hann hefði verið samverkamaður öryggisstofnunar landsins frá 1948 til 1989. Kærandi hélt því hins vegar fram að hann hefði ófús hitt útsendara öryggisstofnunarinnar fyrir og eftir utanlandsferðir sem hann fór í á 9. áratugnum, en að hann hefði aldrei veitt þeim nokkrar trúnaðarupplýsingar eða starfað sem uppljóstrari. Hann sagði starfi sínu lausu og yfírgaf endanlega vinnuveitanda sinn árið 1994.

Kærandi höfðaði einkamál fyrir dómstólum þar sem hann hélt því fram að skráning hans sem samverkamanns öryggisstofnunarinnar hefði verið ólöglegt, en þurfti að

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sæta því að aðgangur hans að ýmsum gögnum stofnunarinnar væri takmarkaður. Í október 1999 komst áfrýjunardómstóll að þeirri niðurstöðu að það hefði verið grundvallaratriði fyrir kæranda að sýna fram á að skráning hans sem samverkamanns hefði verið andstæð reglum sem giltu þegar hún átti sér stað en það hefði hann ekki gert. Var kröfum kæranda hafnað.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs hans með því að hann væri enn skráður samverkamaður öryggisstofnunar fyrrum Tékkóslóvakíu, tilkynning hefði verið gefin út þar sem fram kæmi að hann fullnægði ekki öryggiskröfum af þessum sökum og að kröfum hans um breytingu á skráningunni hefði verið hafnað hjá innlendum dómstólum. Kærandi byggði á 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Um 1. mgr. 6. gr.: Með tilliti til hagsmuna kæranda í málinu taldi dómstóllinn lengd meðferðar máls hans, sjö ár og fimm mánuði, á tveimur dómstigum úr hófi og brjóta gegn fyrirmælum 6. gr. sáttmálans um málsmeðferðartíma. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn féllst á að í sumum tilvikum væri lögmætur grundvöllur fyrir því að takmarka aðgengi að tilteknum skjölum og gögnum, sérstaklega í málum sem vörðuðu öryggismál ríkja. Slík vernd missti hins vegar marks í málum þar sem einstaklingar leituðust við að vernda mannorð sitt. Dómstóllinn tók fram að innlendir dómstólar hefðu talið það grundvallaratriði að kærandi sýndi fram á að gerðir ríkisins væru í andstöðu við þær reglur sem í gildi voru. Þær reglur hefðu verið undanþegnar upplýsingarétti og kærandi því ekki haft aðgang að þeim, en það hefði ríkið hins vegar haft. Dómstóllinn taldi þá sönnunarbyrði sem lögð var á kæranda hafa falið í sér óraunhæfa og hóflausa byrði og vera ósanngjarna. Var því að mati dómstólsins brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans hvað varðaði skort á málsmeðferðarreglum sem kæranda stóðu til boða til að tryggja rétt sinn til friðhelgi einkalífs. Dómstóllinn taldi hins vegar ekki nauðsynlegt að kanna sérstaklega þau áhrif sem skráning hans í umrædda skýrslu og neikvætt öryggismat hefðu haft á réttindi hans til einkalífs samkvæmt nefndri grein.

Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 8.000 evrur í miskabætur og 900 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

**Evans gegn Bretlandi**

**Dómur frá 7. mars 2006**

**Mál nr. 6339/05**

**2. gr. Réttur til lífs**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**14. gr. Bann við mismunun**

***Tæknifrjógungunarmedferð. Fósturvísar.***

### 1. Málsatvik

Kærandi er 34 ára, breskur ríkisborgari og býr á Bretlandi. Hinn 12. júlí 2000 hófu kærandi og sambúðarmaður hennar J frjósemismæðferð á þungunarlæknastöð í Bretlandi. Hinn 10. október 2000 var kærandi greind með forstíg krabbameins í eggjastokkum á umræddri læknastöð og var henni boðin ein tæknifrjógungunarmedferð áður en hún gengist undir uppskurð þar sem eggjastokkar hennar yrðu fjarlægðir. Voru bæði kærandi og sambýlismaður hennar upplýst um að þau þyrftu að skrifa undir samþykki við meðferðinni og að í samræmi við ákvæði laga um tæknifrjógungun gæti hvort þeirra dregið samþykki sitt til baka hvenær sem væri áður en fósturvísi væri komið fyrir í legi kæranda. Á þessum tíma kannaði kærandi aðra möguleika á frjógungun eggja sinna yrði samband hennar við J ekki langt. J fullvissaði kæranda um að sambandið myndi endast.

Hinn 12. nóvember 2001 voru sex egg kæranda frjóguguð með sæði J og fósturvísarnir settir í geymslu á læknastöðinni og 26. nóvember voru eggjastokkar kæranda fjarlægðir. Var kæranda sagt að hún þyrfti að bíða í tvö ár þar til unnt væri að koma fósturvísunum fyrir í legi hennar.

Í maí 2002 lauk sambandi kæranda og J og í kjölfar þess afturkallaði J samþykki sitt við áframhaldandi geymslu fósturvísanna sem og notkun þeirra af kæranda.

Kærandi höfðaði dómsmál þar sem hún krafðist þess m.a. að afturköllun á samþykki J yrði felld úr gildi. Var kröfu hennar hafnað 1. október 2003 þar sem samþykki J við geymslu fósturvísa var talið gert í góðri trú hans um að sambúð aðila myndi endast. Hinn 1. október 2004 staðfesti áfrýjunardómstóll dóm undirréttar.

Hinn 26. janúar 2005 tilkynnti læknastöðin kæranda að á stöðinni hvíldi lagaleg skylda til að eyða fósturvísunum og að það yrði gert 23. febrúar 2005. Hinn 27. febrúar 2005 beindi dómstóllinn þeim tilmælum til breska ríkisins að það tryggði að fósturvísunum kæranda yrði ekki eytt fyrir en dómstóllinn hefði tekið mál kæranda til meðferðar. Fósturvísunum kæranda var því ekki eytt.

Meðferð kæranda við krabbameini hennar var árangursrík og hún því læknisfræðilega tilbúin til að fósturvísunum yrði komið fyrir í legi hennar, en umræddir fósturvísar voru eini möguleiki hennar til að eignast börn sem væru erfðafræðilega skyld henni. Læknastöðin hafnaði því hins vegar að fósturvísunum yrði komið fyrir nema með samþykki J.

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi þá kröfu að samþykki föður þyrfti að standa til áframhaldandi geymslu fósturvísa og til framkvæmdar tæknifrjógungunar á henni brjóta gegn rétti hennar samkvæmt 8. og 14. gr. sáttmálans og rétti fósturvísanna samkvæmt 2. gr. sáttmálans til lífs.

#### *Niðurstaða*

Um 2. gr.: Dómstóllinn rakti að það væri háð mati aðildarríkjanna hvenær rétturinn til lífs stofnaðist. Samkvæmt enskum lögum hefði fósturvísir engin sjálfstæð réttindi eða hagsmuni og gæti ekki krafist verndar réttar síns til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Þá væri eigi unnt að krefjast þessa réttar fyrir hönd fósturvísa. Taldi dómstóllinn því að ekki hefði verið brotið gegn 2. gr. sáttmálans.

Um 8. gr. og 14. gr.: Dómstóllinn taldi J hafa samþykkt tæknifrjógungunarmedferð með kæranda í góðri trú og að hann hefði aðeins samþykkt meðferðina á þeirri forsendu að sambúð hans við kæranda yrði áframhaldandi. Dómstóllinn lagði til grundvallar að ríkin hefðu rúmt svigrúm til mats við lagasetningu varðandi erfðavísa og tæknifrjógungu með tilliti til þess hvernig kröfum um meðalhóf milli almannahagsmuna og hagsmuna einstaklinga yrði mætt. Dómstóllinn rakti bresk lög og þá áherslu sem hefði verið lögð í Bretlandi á áframhaldandi samþykki beggja aðila við meðferð. Að mati dómstólsins voru þau sjónarmið sem lágu að baki breskum lögum til þess fallin að sporna við óvissu og koma í veg fyrir matskenndar ákvarðanir og ósamræmi í framkvæmd. Var því hafnað að brotið væri gegn jafnræði með því að játa sæðisgjöfum samþærilegri stöðu og egggjöfum. Að mati dómstólsins fór breski löggjafinn því ekki út fyrir svigrúm sitt til mats samkvæmt 8. gr. þrátt fyrir að önnur útfærsla á reglunni hefði getað verið fær við lagasetningu. Það var því niðurstaða dómstólsins að með setningu laga um tæknifrjógungu árið 1990 hefði verið sett skýr regla um að samþykki aðila við tæknifrjógungunarmedferð mætti afturkalla fram að því að fósturvísu væri komið fyrir í legi konu. Þessi regla var skýrð á fullnægjandi hátt fyrir kæranda og J. Að mati dómstólsins var mat breska ríkisins í samræmi við meðalhófskröfur 8. gr. sáttmálans og braut ríkið því ekki gegn ákvæðinu. Af þessu leiddi einnig að ekki var brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 14. gr. sáttmálans.

Tveir dómarar skiluðu séráliti.

Málinu hefur verið vísað til yfirdeildar.

### **Albanese gegn Ítalíu**

**Dómur frá 23. mars 2006**

**Mál nr. 77924/01**

**Sjá reifun dóms undir 3. gr. 1. viðauka.**

***Réttaráhrif gjaldþrotaskipta. Missir kosningaréttar.***

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

**Dickson gegn Bretlandi**

**Dómur frá 18. apríl 2006**

**Mál nr. 44362/04.**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.**

**12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar**

**Fangar. Réttur til tæknifrjógungunar.**

### 1. Málsatvik

Kærendur, Kirk og Lorraine Dickson, eru breskir ríkisborgarar. Hann er fæddur 1972 og er vistaður í Dovergatefangelsi í Uttoxeter. Hún er fædd 1958 og býr í Hull.

Árið 1994 var Dickson sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur í ævilangt fangelsi, án möguleika á reynslulausn fyrr en eftir 15 ára afplánun. Hann er barnlaus. Árið 1999 kynntist hann Lorraine, í gegnum pennavinasamtök fangelsa, á meðan hún afplánaði einnig fangelsisrefsingu. Árið 2001 giftust þau. Hún átti þrjú börn frá fyrri samböndum.

Parið óskaði eftir tæknifrjógungun til að gera þeim kleift að eignast saman barn, þar sem þeim yrði það annars ómögulegt, miðað við hvenær Kirk Dickson yrði í fyrsta lagi látinn laus og aldur Lorraine. Ráðherra fangelsismála hafnaði beiðni þeirra. Þau skutu málinu til dómstóla en fengu niðurstöðunni ekki hnekk.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærendur héldu því fram að synjun á tæknifrjógungun bryti í bága við rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. og rétt þeirra til að stofna til hjúskapar og stofna fjölskyldu samkvæmt 12. gr.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að fangar fyrirgerðu ekki réttindum sínum samkvæmt sáttmálanum á meðan þeir afplánuðu fangelsisrefsingu og að rétturinn til tæknifrjógungunar félli undir réttinn til einkalífs og fjölskyldu. Einnig tók dómstóllinn fram að samkvæmt 2. mgr. 8. gr. sáttmálans væri heimilt að takmarka réttindi upp að vissu marki, án þess að slíkt bryti í bága við sáttmálann og að aðildarríkjum hefði verið játað visst svigrúm í því sambandi. Við slíkar takmarkanir þyrfti að gæta jafnt að almannahagsmunum og einstaklingshagsmunum. Þegar um væri að ræða skyldu ríkja til að virða mannréttindi þyrfti einnig að hafa í huga að slíkt mætti ekki leggja ómögulega eða verulega byrði á yfirvöld við að framfylgja þeirri skyldu.

Dómstóllinn benti á að beiðni breskra fanga um tæknifrjógungun væri aðeins samþykkt í sérstökum tilvikum, og þá að teknu tilliti til þeirrar nauðsynjar að viðhalda trausti almenninga á refsivörslukerfinu sem og velferðar barns sem getið væri á þennan máta og þar af leiðandi hagsmuna samfélagsins í heild. Dómstóllinn benti á að ráðherra fangelsismála hefði farið vel yfir umsókn kærenda og rökstutt niðurstöðu sína vel. Hefðu aðstæður kærenda verið metnar, þar á meðal hversu ólíklegt væri að getnaður

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

tækist eftir lok afplánunar Dickson. Þeir þættir hefðu hins vegar vikið fyrir öðrum mikilvægari hagsmunum. Sérstaklega var litið til eðlis og alvarleika glæpsins sem Dickson framdi og velferðar þess barns sem getið yrði, í ljósi langrar fjarveru föður þess á mikilvægum tíma uppvaxtarára þess og augljósum skorti á nauðsynlegum ráðstöfunum og beinu stuðningsneti fyrir bæði móður og barn.

Dómstóllinn benti einnig á að ákvörðun ráðherra hefði verið tekin til endurskoðunar á tveimur dómstigum og á báðum stigum hefði verið staðfest að sú niðurstaða að synja kærendum um tæknifrjógvun hefði hvorki verið ósanngjörn né í ósamræmi við þau markmið sem leitast væri við að ná.

Í ljósi framangreindra aðstæðna taldi dómstóllinn að ekki hefði verið sýnt fram á að sú ákvörðun að synja parinu um tæknifrjógvun hefði verið byggð á geðþótta né ósanngjörn eða að jafnvægis hefði ekki verið gætt milli almannahagsmuna og einstaklingshagsmuna. Því hefði ekki verið brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda í skilningi 8. og 12. gr. sáttmálans.

Þrjú dómarrar skiluðu séráliti.

### C gegn Finnlandi

Dómur frá 9. maí 2006

Mál nr. 18249/02

6. gr. Rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Forsjármál. Umgengnisréttur.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi er breskur ríkisborgari (f. 1955) og búsettur í Cartigny í Sviss. Hann og eiginkona hans B (nú látin), sem var finnsk, áttu tvö börn saman, dreng fæddan 1987 og stúlku fædda 1989. Við skilnað hjónanna fékk móðirin forsjá barnanna. Hún var þá búsett í Finnlandi þar sem hún bjó ásamt sambýliskonu sinni, L. C naut umgengnisréttar við börnin. Eftir andlát B 30. ágúst 1999, veittu tvö lægri stig finnskra dómstóla C forsjá yfir börnunum. Hæstiréttur Finnlands sneri hins vegar við þeim ákvörðunum og veitti L forsjá yfir börnunum án þess að C væri veittur umgengnisréttur.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi kvartaði yfir ákvörðun og málsmeðferð Hæstaréttar. Þá kvartaði hann yfir því að umgengni hans við börnin hefði verið skorin við nögl og engin ákvörðun um rýmri umgengni tekin. Hann taldi brotið gegn rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og friðhelgi fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr.

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

### *Niðurstaða dómstólsins*

Um 8. gr.: Dómstóllinn leit til þess að forsjardeila sú er finnsku dómstólanir úrskurðu um var á milli kæranda, föður barnanna, og L, sem var sambýliskona hinnar látnu. Börnin hefðu búið hjá L síðan 1993 og lýst yfir vilja sínum til að búa þar áfram. Þá hefðu innlendir dómstólar metið L hæfa til að fara með forsjá barnanna. Dómstóllinn taldi að niðurstaða Hæstaréttar hefði verið studd við réttmæt rök. Hins vegar fælist í rökstuðningi Hæstaréttar að börnunum væri veitt óskorað neitunarvald að því er varðaði forsjá föðursins án þess að munnlegar skýrslur væru teknar af þeim. Þá lágu ekki fyrir sérfræðileg gögn um hvort börnunum væri meiri skaði gerður með því að hafa þau í umsjá L og missa samband við föður sinn eða fara til kæranda. Taldi dómstóllinn að meðferð málsins hefði haft það yfirbragð gagnvart kæranda að L hefði fengið að hafa áhrif á börnin og dómskerfið með þeim hætti að kærandi hefði verið sviptur foreldrahlutverki sínu. Var einróma komist að þeirri niðurstöðu að við meðferð málsins hefði ekki verið gætt nægilega að jafnvægi milli þeirra hagsmuna sem vógust á. Því hefði verið um brot gegn 8. gr. að ræða við meðferð málsins.

Varðandi umgengnisrétt leit dómstóllinn til þess að kærandi hafði ekki uppi neinar slíkar kröfur fyrir áfrýjunardómstólnum. Meðan á málaferlum stóð var umgengni bundin erfiðleikum. Börnin neituðu að hitta föður sinn í einrúmi og kærandi hafnaði öllum hugmyndum um að L kæmi að umgengninni. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn ákvörðun Hæstaréttar að hafna umgengni tímabundið hafa verið tekna á grundvelli viðeigandi og nægilegra ástæðna. Hvað varðar það að Hæstiréttur hafði ekki komið á umgengni var enn litið til þess að kærandi gerði ekki neina slíka kröfu. Var því ekki talið að um brot gegn 8. gr. hefði verið að ræða að því er varðaði umgengnisrétt kæranda.

Um 6. gr.: Varðandi kæru C vegna 6. gr. taldi dómstóllinn að skortur á munnlegum skýrslutökum hefði verið nauðsynlegur og óaðskiljanlegur hluti af niðurstöðu hans um brot á 8. gr. Var því einróma niðurstaða dómstólsins að undir þessum kringumstæðum ætti 6. gr. því ekki sérstaklega við.

Dómstóllinn dæmdi kæranda 10.000 evrur í miskabætur og 56.000 evrur vegna málskostnaðar.

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

**Grant gegn Bretlandi**

**Dómur frá 23. maí 2006**

**Mál nr. 32570/03**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**14. gr. Bann við mismunun**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

*Áhrif kynskiptiaðgerðar. Almennatryggingar. Mismunun á grundvelli kynferðis.*

### 1. Málsatvik

Kærandi, Linda Grant, 68 ára, er breskur ríkisborgari og hefur gengist undir aðgerð til að breyta kyni sínu úr karli í konu. Fæðingarvottorð kæranda auðkennir hana sem karlkyns. Þrátt fyrir það hefur kærandi komið fram sem kona síðan 1963, er auðkennd sem kona á almannatryggingakorti sínu og hefur greitt iðgjöld til almannatrygginga sem kona (allt til 1975, en þá var greinarmunur á iðgjöldum eftir kynferði lagður niður). Árið 1972 hóf kærandi eigin atvinnurekstur og hóf þá að greiða í einkarekinn lífeyrissjóð.

Kærandi sótti um að fá eftirlaun frá almannatryggingum frá 22. desember 1997, á 60 ára afmæli sínu. Umsókn kæranda var hafnað með vísan til þess að hann ætti aðeins rétt á eftirlaunum þegar hann yrði 65 ára en það væri sá eftirlaunaaldur sem ætti við um karlmenn. Kærandi áfrýjaði án árangurs.

Þann 12. júlí 2002 sótti kærandi um að mál hennar yrði endurupptekið í ljósi nýgenginna dóma Mannréttindadómstóls Evrópu (dómar 11. júlí 2002 í máli Christine Goodwin gegn Bretlandi og máli I gegn Bretlandi) um réttarstöðu kynskiptinga. Þrátt fyrir að hafa verið veitt áfrýjunarleyfi ákvað kærandi að halda málinu ekki til streitu að ráðum lögmanns sín. Hinn 22. desember 2002 náði kærandi 65 ára aldri og hófust þá eftirlaunagreiðslur til hennar. Hinn 26. apríl 2005 var kæranda úthlutað skírteini um viðurkenningu á kynferði eftir að hafa sótt um það á grundvelli sérstakra laga um þetta efni sem fela í sér lagalega viðurkenningu á kyni kynskiptinga.

### 2. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins

#### *Kæran*

Kærandi kvartaði yfir því að breytt kynferði hennar hefði ekki notið lagalegrar viðurkenningar og að henni hefði verið neitað um að taka eftirlaun á sama aldri og aðrar konur (60 ára). Kærandi studdist við 8. gr., 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

#### *Niðurstaða dómstólsins*

Um 8. gr.: Dómstóllinn sló því föstu með vísan til dóms síns í máli Christine Goodwin frá 2002 að réttur kæranda til friðhelgi einkalífs hefði verið brotinn þar sem kyn hennar hefði ekki haft lagalega viðurkenningu. Þá taldi dómstóllinn að frá og með uppkvaðningu dóms í umræddu máli hefði kærandi átt rétt á því að njóta viðurkenningar sem kona að því er varðaði eftirlaun. Hins vegar var því hafnað að kærandi hefði



## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

átt að njóta slíkrar viðurkenningar fyrir þetta tímamark. Var því talið að brotið hefði verið á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr.

Um 1. gr. 1. viðauka og 14. gr.: Dómstóllinn leit til þess að kærandi hafði ekki átt rétt á að fá greidd eftirlaun við 60 ára aldur. Hugsanlega væri því ekki um neinn eignar-rétt að ræða sem gæti virkjað 1. gr. 1. viðauka eina og sér án þess þó að tekin yrði endanleg afstaða til þess atriðis. Ef gert væri ráð fyrir því að réttur kæranda félli innan 1. gr. 1. viðauka væri synjun á kröfu kæranda hins vegar innan marka þess mats sem ríkið nyti samkvæmt 14. gr. Taldi dómstóllinn málið fyrst og fremst varða 8. gr. og ástæðulaust að taka frekar afstöðu til 1. gr. 1. viðauka eða 14. gr.

Á grundvelli 41. gr. dæmdi dómstóllinn kæranda 1.700 evrur í bætur og 28.149 evrur vegna málskostnaðar.

### Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð

Dómur frá 6. júní 2006

Mál nr. 62332/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

10. gr. Tjáningarfrelsi

11. gr. Funda- og félagafrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

*Persónuupplýsingar. Þjóðaröryggi.*

#### 1. Málsatvik

Kærendur eru sænskir ríkisborgarar, Segerstedt-Wiberg (f. 1911), Nygren (f. 1948), Ehnebohm (f. 1952), Frejd (f. 1948) og Schmid (f. 1939) sem er búsettur í Danmörku.

Kærendur störfuðu allir sem stjórnáamenn um árabíl nema Nygren sem var blaðamaður á Gautaborgarpóstinum og hefur birt þar fjölmargar greinar, m.a. um nas-isma og sænsku öryggislögregluna sem vöktu mikla athygli almennings. Kærendur höfðu allir óskað eftir aðgangi að öllum skjölum með upplýsingum um þá í vörslu sænsku öryggislögreglunnar. Beiðni þeirra var synjað með þeim rökum að aðgangur gæti stefnt afbrotavörnum og þjóðaröryggi í hættu. Ákvarðanir yfirvalda og niður-stöður dómstóla studdust við ákvæði leyndarlaga frá 1980. Kærendum var síðar veittur aðgangur að hluta þeirra gagna sem þá vörðuðu.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

##### *Kæran*

Kærendur héldu því fram að varsla tiltekinna upplýsinga um þá í gögnum sænsku öryggislögreglunnar og synjun á aðgangi að þeim bryti í bága við friðhelgi þeirra til einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans, tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr., funda- og félagafrelsi þeirra samkvæmt 11. gr. og rétt þeirra til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns samkvæmt 13. gr.

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

### Niðurstaða

Um 8. gr.: Að því er varðaði vörslu þeirra upplýsinga sem kærendur fengu aðgang að féllst dómstóllinn á að hún styddist við ákvæði laga um lögregluupplýsingar. Lögin heimiluðu öryggislögreglunni að skrá persónuupplýsingar um einstaklinga sem væru grunaðir um afbrot sem ógnuðu þjóðaröryggi eða um hryðjuverk. Einnig heimiluðu lög in skráningu í tengslum við öryggiskönnun eða þegar aðrar sérstakar aðstæður krefðust þess. Þótt öryggislögreglan hefði ákveðið svigrúm til að meta hvað teldust vera sérstakar aðstæður væri það ekki án takmarkana. Sænska stjórnarskráin legði til að mynda bann við skráningu upplýsinga um ríkisborgara landsins í opinberum skráum á grundvelli stjórnmalaskoðana viðkomandi einstaklinga og án samþykkis þeirra. Þessu til viðbótar væri í 5. gr. laga um lögregluupplýsingar lagt almennt bann við skráningu upplýsinga á grundvelli stjórnmalaskoðana einstaklinga. Dómstóllinn taldi samkvæmt þessu að afskipti stjórnvalda af einkalífi kæranda styddust við lög í skilningi 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi einnig að varsla þeirra upplýsinga sem um ræddi stefndi að lög-mætu markmiði. Að því er varðaði kærandann Segerstedt-Wiberg væri ætlunin að koma í veg fyrir óspektir og glæpi, en hvað aðra kærendur varðaði væri markmiðið að vernda þjóðaröryggi.

Þótt dómstóllinn féllist á að starfsemi leyniþjónustu væri lögmæt í lýðræðisþjóð-félagi ítrekaði hann að sáttmálinn heimilaði aðeins slíka starfsemi væri það nauðsyn-legt til að vernda lýðræðislegar stofnanir. Sem slík þyrfti hún að styðjast við fullnægj-andi rök sem væru í samræmi við þau markmið sem stefnt væri að. Í tilviki kæranda þyrftu hagsmunir Svíþjóðar af vernd þjóðaröryggis og baráttu gegn hryðjuverkum að vera í eðlilegu samræmi við alvarleika afskipta af einkalífi kæranda.

Í tilviki kærandans Segerstedt-Wiberg taldi dómstóllinn enga ástæðu til að efast um að varsla upplýsinga í tengslum við sprengjuhótanir árið 1990 væri nægilega tengd því markmiði að koma í veg fyrir óspektir og glæpi. Hins vegar taldi dómstóllinn að áfram-haldandi varsla upplýsinga um kærandann Nygren, um þátttöku hans á stjórnmalafundi í Varsjá árið 1967, og með tilliti til aldurs og eðlis þeirra, styddist ekki við fullnægjandi og nægilega tengd rök hvað þjóðaröryggi varðaði. Að sama skapi væri varsla upplýs-inga um kærandann Schmid, varðandi meinta hvatningu hans til ofbeldis í mótmæla-göngu árið 1969, tæplega í samræmi við hagsmuni þjóðaröryggis Svíþjóðar. Áfram-haldandi varsla slíkra upplýsinga væri því ekki studd fullnægjandi rökum. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að áframhaldandi varsla upplýsinga um kærendurna Nygren og Schmid fælu í sér brot á friðhelgi einkalífs þeirra.

Meiri vafi var um upplýsingar varðandi kærendurna Ehnebom og Frejd er varðaði aðild þeirra að stjórnmalaflokki. Sænska ríkið benti á að stjórnmalaflokkurinn hvetti til ofbeldis og lögbrota til að koma af stað breytingum á ríkjandi stjórnarfyriirkomulagi. Dómstóllinn benti á að í stefnuskrá flokksins væru nokkur ákvæði sem skýrlega tóku fram að stefnt væri að yfirráðum einnar stéttar þjóðfélagsins umfram aðrar óháð ríkj-andi lögum og reglum. Hins vegar væri ekki að finna í stefnuskránni ákvæði sem jafn-gilt gætu því að umsvifalaust og ótvírætt yrði gripið ofbeldis til þess eins að ná fram pólitískum markmiðum. Dómstóllinn tók fram að stefnuskrá væri ekki það eina sem

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

gæfi til kynna markmið og fyrirætlanir stjórnmalaflokks heldur þyrfti að bera hana saman við háttsemi leiðtoga flokksins og þá stefnu sem þeir stæðu fyrir. Með hliðsjón af því að ekkert benti til þess að athafnir flokksmanna ógnuðu þjóðaröryggi þótti ekki vera sýnt fram á nauðsyn þess að varðveita áfram upplýsingar um Ehnebom og Frejd.

Hvað varðaði synjun öryggislögreglunnar á því að veita kærendum ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem þá vörðuð benti dómstóllinn á að slík synjun væri nauðsynleg í tilvikum þegar ríkið teldi réttilega að ótakmarkaður aðgangur gæti ógnað gagnsemi og tilgangi kerfisins. Bæði sænsk stjórnvöld og dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að ótakmarkaður aðgangur myndi ógna tilgangi kerfisins. Dómstóllinn hafði enga ástæðu til að komast að annarri niðurstöðu. Að lokum taldi dómstóllinn að sænska ríkið hefði réttmæta ástæðu til þess að láta hagsmuni þjóðaröryggis og baráttuna gegn hryðjuverkum vega þyngra á metunum en hagsmuni kæranda af því að fá upplýsingar um öll gögn sem varðveitt væru um þau í skráum öryggislögreglunnar. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Um 10. og 11. gr.: Dómstóllinn taldi að varsla upplýsinga í tengslum við stjórnmalaskoðanir, tengsl og athafnir einstaklinga sem álitid væri að brytu í bága við 2. mgr. 8. gr. sáttmálans gæti eðli málsins samkvæmt samrýmst þeim réttindum sem vernduð væru af 10. og 11. gr. hans. Í ljósi niðurstöðu dómstólsins varðandi 8. gr. sáttmálans taldi hann að einnig hefði verið brotið í bága við 10. og 11. gr. hans að því er varðaði alla kærendur að undanskildum Segerstedt-Wiberg.

Um 13. gr.: Þegar hugað væri að rétti kæranda til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns samkvæmt 13. gr. sáttmálans bæri að líta til þess að m.a. umboðsmaður sænska þingsins tæki við kvörtunum og bæri skylda til að kanna þær frekar til að ganga úr skugga um að stjórnvöld færu að lögum en þó væru niðurstöður hans ekki lagalega bindandi og því fullnægði úrræðið ekki þeim kröfum sem 13. gr. sáttmálans kvæði á um.

Að undanfögnu hefðu ýmsar breytingar verið gerðar til að bæta úrræði við þessar aðstæður, t.d. varðandi bótarétt. Einnig hefðu verið stofnaðar nefndir til að hafa eftirlit með vörslu persónuupplýsinga sem hefðu daglegt eftirlit með varðveislu öryggislögreglunnar á persónuupplýsingum og hvort unnið væri í samræmi við lög um lögregluupplýsingar. Þá væri enn fremur unnt að skjóta ákvörðun öryggislögreglunnar, um vörslu upplýsinga, til stjórnsludómstóla á tveimur stigum.

Dómstóllinn benti á að eftirlitsnefnd um vörslu persónuupplýsinga hefði hvorki vald til að kveða á um skjalaeyðingu né leiðréttingu á upplýsingum. Sérstök rannsóknarnefnd hefði verið stofnuð. Hún hefði þó ekki völd til að kveða á um eyðingu þeirra gagna sem varðveitt væru án lagastofnar en hún gæti sett fram kröfu um slíkt fyrir stjórnsludómstól. Dómstóllinn hafði hins vegar ekki fengið neinar upplýsingar um virkni rannsóknarnefndarinnar í raun. Að því leyti hefði ekki verið sýnt fram á að úrræðið gæti talist raunhæft. Kærundur höfðu heldur ekki beinan aðgang að lagalegu úrræði með tilliti til eyðingar upplýsinganna sem um ræddi. Að áliti dómstólsins samræmdust slíkir annmarkar ekki kröfum 13. gr. sáttmálans auk þess sem ekki væri bætt

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

úr skorti kæranda á raunhæfu úrræði til að leita réttar síns með möguleika á að geta krafist skaðabóta.

Dómstóllinn taldi framangreind úrræði, hvert um sig og í heild sinni, ekki fullnægja þeim kröfum sem gerðar væru til slíkra úrræða samkvæmt 13. gr. sáttmálans og því hefði verið brotið í bága við ákvæðið.

Samkvæmt 41. gr. voru kærendum dæmdar miskabætur, Segerstedt-Wiberg voru dæmdar 3.000 evrur, Nygren og Schmid voru dæmdar 7.000 evrur hvorum um sig og Ehnebom og Frejd voru dæmdar 5.000 evrur hvorum um sig. Sameiginlega voru öllum kærendum dæmdar 20.000 evrur vegna málskostnaðar.

### Lykourezos gegn Grikklandi

Dómur frá 16. júní 2006

Mál nr. 33554/03

Sjá reifun dómsins undir 3. gr. 1. viðauka.

*Missir þingsætis. Lögmaetar væntingar.*

### Bianchi gegn Sviss

Dómur frá 22. júní 2006

Mál nr. 7548/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

*Forsjármál. Haagsamningur um brottám barna.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Stefani Bianchi, 44 ára, er ítalskur ríkisborgari og búsettur í Buggiano á Ítalíu. Hinn 26. júní 1998 kvæntist hann E.H. á Ítalíu og tóku þau upp búsetu þar í landi. Hinn 28. nóvember 1999 eignuðust þau son. Í júní 2002 skildu þau og fór E.H. í kjölfarið með barnið í heimildarleysi til Sviss. Hinn 2. febrúar 2003 úrskurðaði undirréttur í Pistoia á Ítalíu að kærandi skyldi hafa forsjá barnsins.

Þar sem móðir barnsins hafði numið það ólöglega á brott í júní árið 2002 og dvalið með það í Sviss leitaði kærandi 30. september 2002 eftir því að svissnesk yfirvöld úrskurðuðu að syni hans skyldi skilað til Ítalíu í samræmi við ákvæði Haagsamnings um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa. Hinn 23. apríl 2003 komst Hæstiréttur Sviss að þeirri niðurstöðu að drengurinn skyldi snúa aftur til föður síns á Ítalíu. Í kjölfarið sneri móðirin aftur með hann til Ítalíu.

Hinn 23. september 2003 afhenti kærandi móðurinni drenginn í samræmi við umgengnisrétt hennar. Í kjölfarið fór hún að nýju til Sviss. Hinn 6. janúar 2004 krafðist kærandi þess að syni hans yrði komið til hans á ný. Þann 7. janúar 2004 úrskurðaði svissneskur dómstóll að barnið skyldi kyrrsett í Sviss á meðan beðið væri eftir niður-

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stöðu réttarins um hvort honum skyldi skilað til kæranda. Engin ákvörðun var tekin varðandi rétt kæranda til umgengni við drenginn.

Hinn 28. janúar 2004 kærði kærandi E.H. til lögreglu í Willisau fyrir ólöglegt brott-nám á ólöggráða einstaklingi á grundvelli 220. gr. svissnesku hegningarlögganna. Hann 25. mars 2004 var E.H. boðið að ljúka málinu með greiðslu 300 svissneska franka í sekt (u.þ.b. 191 evrur). Kærandi lagði enn á ný fram kærðu til lögreglu, en rekstri málsins var frestað á meðan beðið var niðurstöðu í einkamáli kæranda. Að kröfu kæranda úrskurðaði dómstóllinn í Willisau 14. apríl 2004 að honum yrði heimilt að umgangast son sinn í 4 klst. á viku á hlutlausu svæði. Hann 3. maí 2004 hafnaði dómstóllinn beiðni kæranda um að syni hans yrði skilað til Ítalíu. Rétturinn leit til þess hversu ófús sonurinn var til þess að snúa aftur til Ítalíu, framburðar hans um að honum hefði ekki liðið vel á Ítalíu og að hann væri miklu nánari móður sinni en kæranda. Kærandi áfrýjaði málinu.

Hinn 12. júlí 2004 komst áfrýjunardómstóllinn að þeirri niðurstöðu að barninu skyldi skilað til föður síns fyrir 31. júlí 2004, en ella skyldi lögregla framfylgja ákvörðuninni. Í dóminum var tekið fram að við því mætti búast að barnið væri mótfallið því að fara aftur til Ítalíu eftir að hafa verið í umsjá móður sinnar í marga mánuði. Lögfræðingur móðurinnar sendi símskeyti til lögmans kæranda og lýsti yfir að hún myndi ekki afhenda barnið og að hún hafnaði öllu sambandi milli barnsins og kæranda þar til Hæstiréttur hefði komist að niðurstöðu í málinu, en hún hygðist áfrýja framangreindri niðurstöðu.

Í ágúst 2004 mætti E.H. til yfirheyrslu hjá lögreglu vegna málsins og neitaði að upplýsa um dvalarstað barnsins. Eftir skýrslutökuna var henni heimilað að fara. Frá því í september 2004 gerðu yfirvöld í Lucerne nokkrar tilraunir til að komast að dvalarstað móður og barnsins, þar á meðal með húsleit og eftirliti með færslum bankareikninga og símnotkun.

Með dómi 15. október 2004 hafnaði Hæstiréttur kröfum E.H. í áfrýjunarmálinu. Þegar málið var rekið fyrir Mannréttindadómstólnum var E.H. enn með barnið og ekki vitað um dvalarstað þeirra.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi brotið gegn rétti sínum til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans og réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. þar sem málsmeðferð yfirvalda í Lucerne hefði tekið of langan tíma og svissnesk yfirvöld hefðu ekki fylgt eftir dómi um að syni hans skyldi skilað.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að ákvarðanir og málsmeðferð sem kæran lyti að teldust vera afskipti af einkalífi kæranda þar sem hann hefði tímabundið verið hindraður í að nýta sér forsjárréttindi sín. Féllu atvik málsins því undir efnislýsingu 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn lét uppi efasemdir sínar um réttmæti niðurstöðu undirréttar í Willisau þess efnis að barnið yrði kyrrsett í Sviss meðan beðið væri eftir niðurstöðu réttarins hvort barninu yrði komið til Ítalíu á ný, þar sem rétturinn hefði með þessu fallist á að-

## 8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

stæðurnar sem móðirin skapaði með óheimilu brottnámi barnsins í júní 2002. Þar að auki hefði umrædd aðstaða ekki hlotið neina umfjöllun í ákvörðun frá því 7. janúar 2004 og enn fremur væri um hana fjallað í 13. gr. Haagsamningsins.

Dómstóllinn dró í efa að rétt hefði verið að hálfu undirréttar að hefja nýja sjálfstæða rannsókn málsins, enda hefði málið þegar verið dæmt af Hæstarétti Sviss réttum níu mánuðum áður. Benti dómstóllinn á í þessu sambandi að hvorki yfirvöld í Lucerne né svissnesk yfirvöld hefðu borið fyrir sig breyttar aðstæður sem réttlætt hefðu getað slíka endurskoðun samkvæmt ákvæðum Haagsamningsins. Þá þyrfti einnig að líta til þess að kæranda hefði ekki verið gert kleift að viðhalda eðlilegum tengslum sínum við barnið á meðan á meðferð málsins stóð. Tími meðferðar málsins, næstum fjórir mánuði í undirrétti, hefði einnig verið úr hófi langur með hliðsjón af ákvæðum Haagsamningsins. Að lokum taldi dómstóllinn að niðurstaða undirréttar, sem byggðist á afstöðu rúmlega fjögurra ára gamals barns, hefði stuðst við ófullnægjandi gögn.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að svissnesk yfirvöld hefðu vanrækt að grípa til þeirra úrræða varðandi skil á barninu eða umgengni kæranda við barnið sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af þeim. Þrátt fyrir nokkrar tilraunir yfirvalda frá því í september 2004 til að hafa uppi á barninu voru viðbrögð yfirvalda talin ófullnægjandi. Var í þessu sambandi lýst furðu á því að E.H. hefði verið heimilað að yfirgefa lögreglustöð eftir að hún gaf skýrslu 15. ágúst 2004. Hefði sinnuleysi svissneskra yfirvalda leitt til tveggja ára rofs á sambandi föður og sonar, en slíkt rof væri líklegt til þess að valda varanlegum skaða á samskiptum þeirra.

Samkvæmt framangreindu taldi dómstóllinn að einkalíf kæranda hefði ekki verið verndað með fullnægjandi hætti og hefði því verið brotið í bága við ákvæði 8. gr. sáttmálans. Á grundvelli þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á því að kanna sérstaklega meint brot á 6. gr. sáttmálans.

Samkvæmt 41. gr. voru kæranda dæmdar 15.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur vegna málskostnaðar.

## 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

### Kosteski gegn Fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu

Dómur frá 13. apríl 2006

Mál nr. 55170/00

9. gr. Trúfrelsi

*Helgidagar. Agaviðurlög.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Vasko Koteski (f. 1961), er makedónskur ríkisborgari. Hann býr í Bitola í Makedóníu.

Kærandi starfar hjá rafveitufyrirtæki í Makedóníu í opinberri eigu. Hinn 29. janúar 1998 mætti hann ekki til vinnu, þrátt fyrir að fyrirmæli hefðu verið gefin um að starfsmenn gætu ekki tekið sér frídag þá vikuna vegna mikilla anna í fyrirtækinu. Kærandi útskýrði fjarveru sína með því að hann hefði verið að fagna múslímskri trúarhátíð og hefði til þess stjórnarskrárvarinn rétt. Aganefnd rafveitunnar ákvað að sekta hann á grundvelli agareglna og draga frá 15% launa hans næstu þrjá mánuði. Hinn 7. apríl sama ár mætti kærandi ekki heldur til vinnu án þess að hafa til þess leyfi, í þetta sinn til að fagna Bayram, múslímskri trúarhátíð. Aganefnd rafveitunnar sektaði hann þá um 15% launa hans næstu 6 mánuði. Kærandi taldi brotið á réttindum sínum og leitaði stjórnarsýslulegra úrræða í máli sínu og síðar til dómstóla.

Dómstóll vísaði frá kröfu hans þar sem hann gat ekki sannað að hann væri íslams-trúar. Áfrýjunardómstóll endurskoðaði frávísunarákvörðunina. Vegna réttarfarslegra atriða skoðaði hann aðeins sektarlögur vegna seinni fjarvistar kæranda. Í niðurstöðu sinni tók dómstóllinn fram að krafa um að kærandi sannaði hverrar trúar hann væri samrýmdist lögmætisreglu, enda væru til hlutlægir mælikvarðar til þess að ákvarða hvort að borgari væri íslams-trúar eða ekki og nauðsynlegt að nýta hlutlæga mælikvarða þegar kveða skyldi á um tiltekin réttindi. Þar sem kærandi færði ekki sönnur á að hann uppfyllti þessi hlutlægu skilyrði varð það niðurstaða dómsins að ekki hefði verið brotið í bága við jafnræði á grundvelli trúarbragða.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að með því að sekta hann fyrir að mæta ekki til vinnu hefði verið brotið á trúfrelsi hans samkvæmt 9. gr. sáttmálans og að með mismunun á grundvelli trúarbragða hefði verið brotið á réttindum hans samkvæmt 14. gr. og 9. gr.

##### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að 9. gr. sáttmálans verndaði ýmiss konar birtingarmyndir trúariðkunar, bæði í samfélagi við aðra og í einrúmi, en tæki hins vegar ekki til allra athafna sem tengdust trúarbrögðum. Dómstóllinn taldi ekki víst að þátttaka í trúarhátíð

### 9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

væri trúariðkun í skilningi 9. gr. né heldur að viðurlögin sem kæranda var gert að sæta vegna brots á vinnusamningi brytu í bága við trúfrelsi hans. Ennfremur taldi dómstóllinn ekki ósanngjarnnt að vinnuveitandi teldi fjarvistir frá vinnu án leyfis varða agaviðurlögum. Tekið var fram að þegar starfsmaður bæri fyrir sig tiltekna undanþágureglu, væri það hvorki íþyngjandi eða í grundvallarandstöðu við regluna um trú- og samviskufrelsi að krefjast þess að sannfæring hans hefði efnislegt lágmarksinntak. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að 9. gr. hefði ekki verið brotin.

Hvað varðaði 14. gr. um bann við mismunun, þá gæti hún aðeins komið til skoðunar, ef um ræddi réttindi féllu undir eitthvert efnisákvæða sáttmálans. Þar sem kærandi hefði ekki sýnt fram á að 9. gr. ætti við í málinu gæti ekki verið um brot á 14. gr. að ræða.



---

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

---

**Goussev og Marenk gegn Finnlandi**

**Soini o.fl. gegn Finnlandi**

**Dómar frá 17. janúar 2006**

**Mál nr. 35083/97 og 36404/97**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

***Meiðyrði. Mótmæli. Húsleit. Haldlagning.***

### 1. Málsatvik

Kærendur eru allir finnskir ríkisborgarar sem höfðu í nóvember 1995 skipulagt mótmæli á lóð vöruhússins Stockmann við sölu fyrirtækisins á loðfeldum. Á sama tíma hafði verið dreift bæklingum og veggspjöldum þar sem loðfeldaiðnaðurinn var gagnrýndur og Stockmann sérstaklega. Í mars 1996 óskaði Stockmann eftir rannsókn á dreifingu bæklinga og veggspjalda og krafðist þess að málinu yrði vísað til saksóknara þar sem dreifingin hefði falið í sér refsivert athæfi. Var litið á beiðni Stockmann sem kæru vegna ærumeiðinga á almannafæri.

*Goussev og Marenk gegn Finnlandi:* Í maí og júlí 1996 fór fram húsleit á heimili þessara kærenda og voru bæklingar og annað prentað mál gert upptækt. Samkvæmt lögregluskýrslum var leitin framkvæmd vegna gruns um þátttöku kærenda í brotum gegn almannareglu með því að taka þátt í mótmælum á finnska þinginu. Af hálfu rannsóknaryfirvalda var óskað eftir framlengingu haldlagningarinnar vegna rannsóknar á ærumeiðingum en kærendur mótmæltu henni á þeim grundvelli að sá aðili sem misgert hefði verið við þyrfti að fara fram á framlenginguna. Í desember 1996 komst áfrýjunardómstóll að því að haldlagningin hefði verið gerð í húsleit sem heimiluð var vegna rannsóknar á öðrum brotum en vegna hinna meintu ærumeiðinga. Fyrirskipaði dómstóllinn að gögnum þeim sem haldlögð höfðu verið yrði skilað. Í maí 1997 skilaði lögregla gögnunum til kærenda.

Í mars 1998 komst umboðsmaður finnska þingsins að því að haldlagning gagna í tengslum við brot sem húsleit hefði ekki verið heimiluð vegna, væri í sjálfu sér ekki ólögmat. Greindi umboðsmaðurinn á milli haldlagningar prentaðs efnis í þeim tilgangi að tryggja að unnt væri að nota það sem sönnunargögn annars vegar, og haldlagningar byggðar á grun um hugsanlegt refsivert innihald efnisins hins vegar. Var það niðurstaða umboðsmannsins að lög um prentfrelsi ættu við um hina síðari. Að mati umboðsmannsins átti að minnsta kosti að líta á hluta þess prentaða efnis sem lagt var hald á þannig að krafa um haldlagningu þyrfti að koma frá kærandabrots. Að því leyti sem ekki hefði verið sýnt fram á að haldlagningin hefði verið nauðsynleg til að tryggja til-

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

vist sönnunargagna bar að skila kærendum gögnunum án tafar. Þá benti umboðsmaður á að gögnin hefði t.d. mátt ljósrita áður en haldlagningunni lauk.

*Soini o.fl. gegn Finnlandi:* Á meðan á rannsókn hinnar ætluðu ærumeiðinga stóð var tekin skýrsla af 36 mönnum, þar á meðal kærendum, 11 talsins. Í apríl 1996 gerði lögregla húsleit á heimili Miettinen á grundvelli laga um þvingunarráðstafanir og var leitin gerð í tengslum við rannsókn á ætluðum eignarspjöllum herbergisfélaga hans. Lagði lögregla hald á bæklinga og bréf sem vörðuðu tengsl hans við mótmælalópa gegn notkun loðfelda.

Í júní 1996 gerði lögregla húsleit á heimili Mikola og Soini og lagði hald á svipuð gögn, sem og dagbækur Soini og símaskrá. Samkvæmt lögregluskýrslu var leitin gerð vegna rannsóknarhagsmuna. Dómstólar féllust á framlengingu haldlagningarinnar en henni var aflétt í maí 1997.

Í nóvember 1996 lauk rannsókn málsins með því að kærendur voru ákærðir og í júní 1997 voru þeir sakfelldir fyrir að hafa raskað friði á eign Stockmann og dæmdir til skilorðsbundins fangelsis. Áfrýjunaréttur sneri niðurstöðunni við í júní 1999 og sýknaði kærendur af umræddu broti.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kæran varðaði haldlagningu á bæklingum þar sem vöruhúsið Stockmann var harðlega gagnrýnt fyrir sölu á loðfeldum. Kærendurnir Soini, Mikola og Miettinen töldu húsleit og haldlagningu á bæklingum og dagbókum hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra samkvæmt 8. gr. Þá héldu allir kærendur því fram að réttur þeirra til tjáningarfrelsis hefði verið brotinn. Kærendur héldu því fram að þeir hefðu enn stöðu grunaðra hvað varðaði ærumeiðingar á almannaþæri og einnig að haldlagningin hefði staðið í óhóflega langan tíma án þess að kærendur hefðu raunhæf úrræði til að leita réttar síns hvað þær varðaði. Goussev og Marek töldu að réttindi þeirra samkvæmt 10. og 13. gr. sáttmálans hefðu verið brotin. Aðrir kærendur töldu réttindi sín samkvæmt 6. og 8. gr. einnig hafa verið brotin.

### *Niðurstaða*

Um 8. gr.: Í máli Soini o.fl. taldi dómstóllinn að lög um þvingunarráðstafanir hefðu veitt fullnægjandi lagagrundvöll fyrir umdeildum húsleitum og haldlagningum og að takmarkanir á rétti kæranda teldust nauðsynlegar til að vernda rétt annarra og til að firra glæpum. Þá taldi dómstóllinn enn fremur að hinu prentaða efni hefði ekki verið haldið í óhóflega langan tíma. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Að mati dómstólsins var sambandið milli laganna um þvingunarráðstafanir og um prentfrelsi vandmeðfarið. Var það að mati dómstólsins óskýrt í landsrétti í hvaða tilvikum lögregla gat lagt hald á gögn í húsleit sem framkvæmd var vegna

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

rannsóknar á öðrum meintum brotum og vísaði í því sambandi til álits umboðsmanns þjóðþingsins og forsendna finnskra dómstóla. Dómstóllinn tók fram að tilgangur laga um tjáningarfrelsi í fjölmiðlum, sem fellt hefðu lög um prentfrelsi úr gildi 1. janúar 2004, hefði verið sá að varpa skýrara ljósi á sambandið milli ákvæða laga um birtingu efnis og laga um þvingunarráðstafanir. Að mati dómstólsins var samband laganna því ekki nægilega fyrirsjáanlegt í lögum á þeim tíma sem atvik málsins urðu og að því hefði ekki verið mælt á fullnægjandi hátt fyrir í lögum um takmörkun á réttindum kæranda. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans í báðum málunum.

Um 6. gr.: Dómstóllinn leit til þeirrar venju í Finnlandi að lögregla ritaði nöfn hugsanlegra grunaðra í frumskýrslu á rannsóknarstigi. Nöfn kæranda komu ekki fram í þeirri skýrslu sem gerð var í máli kæranda og um engar aðgerðir ákærvalds gegn kændum var að ræða. Taldi dómstóllinn að líta mætti svo á frumskýrslu lögreglu að með henni væri tekin endanleg afstaða til þess hverjir hefðu stöðu grunaðra. Þar sem nöfn kæranda komu ekki fram í skýrslunni var ekki talið að þeir hefðu haft réttarstöðu grunaðra í skilningi 6. gr. sáttmálans að því er varðaði þau ætluðu brot er greind voru í skýrslunni. Taldi dómstóllinn einróma að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 13. gr. þar sem kændur hefðu getað fengið vitneskju um stöðu sína hjá saksóknara hvenær sem var. Hvað Goussev og Marenk snerti byggði dómstóllinn á því að kændur hefðu kært haldlagningu til áfrýjunardómstóls sem hefði haft fulla lögsögu um sakarefnið. Dómstóllinn taldi því að fullnægjandi úrræði hefðu verið fyrir hendi og að ekki hefði verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Kændunum Goussev, Marenk, Soini, Mikola og Miettinen voru dæmdar 1.000 evrur hverjum í miskabætur. Í málskostnað voru Goussev dæmdar 400 evrur, Marenk 1.030 evrur, og Soini, Mikola og Miettinen 425 evrur hverjum.

### Giniewski gegn Frakklandi

Dómur frá 31. janúar 2006

Mál nr. 64016/00

#### 10. gr. Tjáningarfrelsi

*Meiðyrði. Fordómar. Trúarskoðanir*

##### 1. Málsatvik

Kærandi er 79 ára, austurrískur ríkisborgari og býr í París. Hann er blaðamaður, félagsfræðingur og sagnfræðingur og heldur því fram að öll vinna hans miði að því að auka tengsl gyðinga og kristinna manna.

Þann 4. janúar 1994 birti dagblað í París grein eftir kæranda með fyrirsögninni „Óskýrleiki villunnar“ (fr: *L'obscurité de l'erreur*) sem varðaði umburðarbréf Jóhann-

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

esar Páls páfa annars „Dýrð sannleikans“ (*lat. Veritatis Splendor*). Í greininni var útrýming gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni talin felast í þeirri kenningu sem páfi setti fram í bréfinu. Kærandi, ásamt ritstjóra blaðsins, var ákærður fyrir ærumeiðandi og fordómafull ummæli að kröfu kristilegra samtaka. Voru sakborningarnir sakfelldir í undirrétti, en sýknaðir af áfrýjunardómstól. Hins vegar voru þeir dæmdir til að greiða hinum kristilegu samtökum einn franka í málamyndabætur og einnig skyldaðir til þess að birta dóminn á eigin kostnað. Kærandi áfrýjaði málinu en án árangurs.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að með brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að í grein sinni hefði kærandi gagnrýnt afstöðu páfa væri ekki unnt að líta svo á að gagnrýnin hefði náð til kristni í heild, enda væru trúfélög kristinna manna margvísleg og mörg þeirra viðurkenndu ekki yfirvald páfa. Kærandi hefði leitast við að færa rök fyrir tiltekinni kenningu og hvernig hún gæti hugsanlega tengst uppruna helfararinnar. Með þessu hefði hann lagt fram skerf til víðtækrar og viðvarandi hugmyndafræðilegrar umræðu, sem væri opin öllum, án þess að kynda til deilna af nokkru tagi að ástæðulausu. Þá voru röksemdir kæranda ekki í ósamræmi við samtíðarhugsunarhátt. Allar takmarkanir á tjáningarfrelsi við aðstæður sem þessar var talið að skýra bæri þröngt. Hér hefði ekki verið um árásir á trúarskoðanir að ræða heldur skoðun kæranda sem blaðamanns og sagnfræðings. Taldi dómstóllinn nauðsynlegt að tryggja væri í lýðræðisríki að umræða um alvarlega atburði, sem jafna mætti til glæpa gegn mannkyni, gæti farið fram á frjálstan hátt. Þótt efni greinarinnar kynni að móðga, ofbjóða eða trufla suma, lagði dómstóllinn áherslu á að slík viðbrögð gætu ekki í sjálfu sér réttlætt skerðingu á tjáningarfrelsi. Þá hefði greinin sjálf ekki verið óþarflega hneykslanleg eða móðgandi og ekki ýtt undir vanvirðingu eða hatúr. Þá hefði greinin ekki dregið í efa staðfestar sögulegar staðreyndir.

Að þessu virtu taldi dómstóllinn að grundvöllur franskra dómstóla fyrir takmörkunum á rétti kæranda til tjáningarfrelsis hefði ekki verið fullnægjandi til réttlætningar þeirra. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Þar sem kærandi hafði ekki sett fram kröfu um sanngjarnar bætur innan tilskilins frests dæmdi dómstóllinn honum ekki miskabætur eða málskostnað samkvæmt 41. gr. sáttmálans.

### **Zdanoka gegn Lettlandi**

**Dómur frá 16. mars 2006 – Yfirdeild**

**Mál nr. 58278/00**

**Sjá reifun dóms undir 3. gr. 1. viðauka.**

***Kosningalög. Kjörgengisskilyrði.***

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

### Malisiewicz-Gasior gegn Póllandi

Dómur frá 6. apríl 2006

Mál nr. 43797/98

### 10. gr. Tjáningarfrelsi

*Meiðyrði. Stjórnámálamenn.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Izabela Malisiewicz-Gasior er pólskur ríkisborgari (f. 1950) og býr í Lodz í Póllandi. Hún er danshöfundur og bauð sig fram í þingkosningum í Póllandi árið 1993.

Þann 10. júní 1992 kærði Andrzej Kern, þáverandi þingmaður í neðri deild pólska þingsins, kæranda til saksóknarans í Lodz. Hélt Kern því fram að kærandi hefði rænt 17 ára gamalli dóttur sinni, M.K. Kærandi hélt því hins vegar fram að M.K. hefði hlaupist á brott með unnusta sínum til langs tíma (syni kæranda), sem hún giftist í kjölfarið. Saksóknarinn hlutaðist til um að húsleit var gerð á heimili kæranda í því skyni að leita M.K. og fíkniefna auk þess sem heimiluð var hlerun á síma kæranda. Við húsleit 11. júní 1992 fundust hvorki M.K. né fíkniefni. Kærandi var engu síður handtekin vegna gruns um mannrán og sætti gæsluvarðhaldi í nokkra daga á geðdeild fangelsissjúkrahúss. Ásakanir um að hún hefði framið mannrán fengu mikla umfjöllun í pólskum fjölmiðlum.

Fallist var á beiðni kæranda um að öðrum saksóknara, sem starfaði utan umdæmis Lodz, yrði falin rannsókn málsins. Hinn 16. september 1992 vísaði saksóknari frá kæranda á hendur kæranda, þar sem hann taldi ásakanir um mannrán tilhæfulegs.

Árið 1993 ákvað kærandi að bjóða sig fram í þingkosningum í landinu. Í kosningabaráttunni skrifaði hún tvær greinar í vikublaðið Angora, sem voru birtar í ágúst og september 1993. Í greinum sínum sakaði kærandi þingmanninn Kern um að hafa misbeitt valdi sínu með því að hafa fyrirskipað handtöku hennar og vistun á geðdeild sem og símhlerun og leit á heimili hennar. Einnig fjölluðu greinar kæranda um væntanleg störf hennar í efri deild pólska þingsins næði hún kjöri. Fjallað var um yfirlýsingar kæranda í blaðgreininum í útvarpi og sjónvarpi.

Hinn 27. september 1993 höfðaði Kern meiðyrðamál á hendur kæranda, vegna ærumeiðinga á grundvelli 2. mgr. 178. gr. pólsku hegningarláganna. Var kærandi sakfelld vegna ærumeiðandi og ósannra ummæla um Kern. Dómurinn leit sérstaklega til þess að kærandi hefði viðhaft ummælin vegna eigin hagsmuna en ekki almannahagsmuna. Kærandi áfrýjaði málinu. Áfrýjunardómstóll staðfesti sakfellingu kæranda en lækkaði refsinguna úr 18 mánaða skilorðsbundnu fangelsi í eitt ár. Áfrýjunardómstóll féllst á að kærandi hefði án efa getað talið að ákærvaldið hefði farið út fyrir verksvið sitt. Kærandi var dæmd til að greiða kostnað af birtingu dómsins í einu dagblaða landsins og af birtingu á afsökunarbeiðni í vikublaðinu Angora. Kærandi var einnig dæmd til greiðslu sakarkostnaðar.

Í kjölfarið komst umboðsmaður pólska þingsins að þeirri niðurstöðu að saksóknarar í Lodz hefðu brotið í bága við lög við rannsókn á meintum brotum kæranda og að dómstólar hefðu ekki litið til mikilvægra sönnunargagna sem studdu málatilbúnað kæranda.

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að sakfelling vegna ærumeiðandi ummæla bryti í bága við tjáningarfrelsi sitt og þar með 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn benti á að ummælin um Kern hefðu verið birt á tíma þar sem kærandi háði kosningabaráttu sem frambjóðandi til þings. Þær hefðu einnig fjallað um pólitíska sannfæringu hennar og möguleg störf hennar sem þingmanns á pólska þinginu. Að auki hefðu ummælin verið byggð á persónulegri reynslu kæranda af Kern, þ.e. kæru hans þar sem farið var fram á opinbera rannsókn á hendur kæranda og þeim atvikum sem fylgdu í kjölfarið. Þá var bent á gögn og álit sem bentu til þess að saksóknarar hefðu brotið lög við rannsóknina og rannsóknin hefði verið látin niður falla þegar nýr saksóknari tók við málinu. Taldi dómstóllinn því að yfirlýsingar kæranda um misbeitingu valds hefðu ekki verið tilefnislausar og persónulegar árásir heldur þáttur í pólitískri umræðu. Þótt sumar yfirlýsingar hefðu verið harðorðar væri þess að gæta að mörk gagnrýni væru rýmri þegar um væri að ræða vel þekktan stjórnámálamann. Verulega sterk rök þyrfti til að réttlæta takmarkanir á pólitískri umræðu enda væru slíkar takmarkanir til þess fallnar að hafa almenn áhrif á tjáningarfrelsið landinu.

Dómstóllinn féllst ekki á þann rökstuðning að kærandi hefði viðhaft ummælin vegna eigin hagsmuna, enda hefði umfjöllunarefni umræddra greina varðað almanna-hagsmuni. Dómstóllinn benti einnig á að innanlandsdómstólar hefðu ekki tekið tillit til þess að Kern þyrfti sem stjórnámálamaður að þola meiri gagnrýni en ella. Þar af leiðandi taldi dómstóllinn að ekki hefði verið tekið tillit til mikilvægis frjálsrar pólitískrar umræðu í lýðræðislegu samfélagi þar sem um frjálsar kosningar væri að ræða.

Að lokum taldi dómstóllinn að ærumeiðingar, um stjórnámálamann á hápunkti pólitískrar umræðu, réttlættu ekki fangelsisrefsingu. Sakfelling kæranda, vegna ummæla sem lutu að misbeitingu valds og sett voru fram í fjölmiðlum í miðri kosningabaráttu, hlýti að hafa áhrif í þá átt að draga úr tjáningarfrelsinu í almennri umræðu.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri samræmi milli þeirra úrræða sem innanlandsdómstólar hefðu gripið til og þeirra lagalegu markmiða sem stefnt væri að. Yfirvöld hefðu þar af leiðandi ekki gætt jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem hér skiptu máli. Talið var að þessar takmarkanir á tjáningarfrelsi kæranda hefðu ekki verið nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Varð það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 5.000 evrur í miskabætur.

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

**Raichinov gegn Búlgaríu**

**Dómur frá 20. apríl 2006**

**Mál nr. 47579/99**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Meiðyrði. Opinberir starfsmenn.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, Hristo Peshev Raichinov, er búlgarskur ríkisborgari (f. 1935) og býr í Sófíu. Á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað var hann yfirmaður deildar í búlgarska dómsmálaráðuneytinu sem hafði umsjón með fjármálum dómstóla. Hinn 15. desember 1993 sat kærandi fund hjá dómstólaráði, svo sem venjan var þegar ræða átti fjármál dómstóla. Vararíkissaksóknari, S, sat einnig fundinn. Meðan á fundinum stóð sagði kærandi: „Þið hafið ákveðið að láta S sjá um fjármálin. Ég tel að hann sé óheiðarlegur og get sýnt fram á það.“ Fundurinn leystist upp í kjölfarið. Ríkissaksóknari, sem einnig sat fundinn, mælti þegar fyrir um rannsókn til að undirbúa refsímál á hendur kæranda vegna ummæla hans um S.

Saksóknari í Sófíu ákærði síðar kæranda fyrir að hafa ráðast með móðgunum að opinberum starfsmanni, enda hefðu ummæli hans skaðað æru og mannorð S. Var kærandi sakfelldur, dæmdur til greiðslu sektar og veitt áminning með dómi. Kærandi áfrýjaði dóminum en niðurstaðan var staðfest á efri dómstigum. S var ekki aðili að málarekstrinum og gerði enga kröfu um bætur sér til handa.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að með sakfellingu hans fyrir að tjá persónulegar skoðanir sínar á vararíkissaksóknara hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

#### ***Niðurstaða***

Mannréttindadómstóllinn tók fram að sá sem kærandi móðgaði hefði verið háttsettur embættismaður og opinber persóna. Væru heimildir til gagnrýni við þessar aðstæður rýmri en ella, þótt ekki væru þær takmarkalausar. Þá benti dómstóllinn á að ummæli kæranda hefðu komið fram í þröngum hópi manna á lokuðum fundi. Ummælin hefðu ekki falið í sér neina ógnun við S eða verið til þess fallin að hindra hann í starfi. Neikvæð áhrif ummælanna á mannorð S væru í raun engin eða afar takmörkuð.

Enn fremur var það skoðun dómstólsins að framsetningu ummælanna á lokuðum fundi mætti túlka sem þátt í umræðu um mál sem snerti almannahagsmuni og nyti því enn ríkari verndar 10. gr. sáttmálans. Þá var einnig tekið fram að kærandi hefði verið reiðubúinn til að skýra mál sitt frekar og færa sönnur á orð sín.

Þá leit dómstóllinn til þess að kærandi var hvorki sóttur til ábyrgðar í einkamáli né látinn sæta stjórnsýsluviðurlögum heldur var höfðað opinbert refsímál á hendur honum. Refsímálið var höfðað að frumkvæði yfirmanns S en S var hvorki aðili að málinu né setti

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

hann fram miskabótakröfu vegna þess. Í þessu samhengi benti dómstóllinn á að síðar hefði verið fallið frá þessari skipan varðandi ærumeiðingar í garð opinberra starfsmanna og væri nú undantekningarlaust höfðað einkamál í slíkum tilvikum.

Það var álit dómstólsins að þar sem ummæli kæranda voru sett fram munnlega og sem liður í samræðum, en ekki í prentuðu máli, hefðu viðbrögð ríkissaksóknara verið of harkaleg og ekki í samræmi við misgerð kæranda í garð S. Dómstóllinn tók fram að handhafar opinbers valds hefðu átt kost á öðrum og vægari úrræðum til að bregðast við óréttmætri gagnrýni. Engar brýnar þjóðfélagslegar ástæður væru fyrir þessum takmörkunum á tjáningarfrelsi kæranda. Voru þær því ekki taldar nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar bætur að upphæð 23 evrur vegna fjárhagslegs tjóns, 2.000 evrur í miskabætur og 1.500 evrur vegna málskostnaðar.

### Stoll gegn Sviss

Dómur frá 25. apríl 2006

Mál nr. 69698/01

### 10. gr. Tjáningarfrelsi

#### *Uppljóstrun trúnaðarmála.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Martin Stoll, er svissneskur ríkisborgari og búsettur í Zürich. Hann er blaðamaður. Í desember 1996 ritaði Carlo Jagmetti, þáverandi sendiherra Sviss í Bandaríkjunum, vinnuskýrslu sem var merkt sem „trúnaðarmál“. Skýrslan var notuð í samninga-umleitunum milli heimspings gyðinga og svissneskra banka varðandi bætur til fórnar lamba helfarar nasista vegna eigna gyðinga hjá svissneskum bönkum sem enginn hafði gert tilkall til. Skýrslan var send til þess sem sá um málið af hálfu utanríkisráðuneytisins í Bern og afrit voru send til nokkurra annarra starfsmanna svissnesku utanríkisþjónustunnar svo og nítján annarra aðila. Kærandi komst yfir afrit af skýrslunni.

Hinn 26. janúar 1997 birti sunnudagsblað í Zürich, Sonntags-Zeitung, tvær greinar eftir kæranda undir fyrirsögnunum „Carlo Jagmetti móðgar gyðinga“ og „Sendiherrann hleypur illa á sig á ný“. Meðfylgjandi þessum greinum voru útdrættir úr skýrslunni. Daginn eftir birti dagblað í Zürich, Tages-Anzeiger, stóra kafla úr skýrslunni og dagblaðið Nouveau Quotidien fylgdi í kjölfarið með sams konar umfjöllun.

Hinn 22. janúar 1999 dæmdi héraðsdómur í Zürich kæranda til að greiða 520 evru sekt vegna birtingar á trúnaðarskjölum. Athæfi hans var talið varða við 293. gr. svissneskra hegningarlaga. Áfrýjun kæranda til æðri dómstóls var hafnað 5. desember 2000. Svissneska blaðamannaráðið, sem fékk málið til meðferðar fyrir tilstilli svissnesku ríkisstjórnarrinnar, komst einnig að þeirri niðurstöðu að með því að stytta skýrsluna og taka hana úr samhengi hefði kærandi á óábyrgan hátt látið ummæli sendiherrans virðast hneykslanleg.



## 10. gr. Tjáningarfrelsi

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á því að með sakfellingunni hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Helsta álitafnið fyrir dómstólnum var hvort takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðisríki.

Dómstóllinn tók fram að gagnrýnin í blaðagreinunum hefði beinst að háttsettu embættismanni, manni í sendiherrastöðu sem hefði haft afar mikilvægu hlutverki að gegna í samskiptum við Bandaríkin. Það var niðurstaða dómstólsins að trúnaður í utanríkissamskiptum væri réttlætanlegur en ekki mætti kosta hverju sem er til verndar hans. Þá næði gagnrýnis- og aðhaldshlutverk fjölmiðla til mála varðandi utanríkisstefnu jafnt sem annarra málefna.

Upplýsingarnar í umræddri skýrslu hefðu tekið til máls sem varðaði almannahagsmuni. Blaðgreinarnar hefðu verið innlegg í almenna umræðu um málefni sem mikið hefði verið fjallað um í svissneskum fjölmiðlum. Umræðan um hlutverk Sviss í seinni heimsstyrjöldinni og um eignir fórnarlamba helfararinnar hefði verið mjög heit og skoðanir skiptar. Svissneski sendiherrann í Washington hefði gegnt mikilvægu hlutverki í þessum umræðum og dómstóllinn féllst á að almenningur hefði lögmeða hagsmuni af því að fá upplýsingar um þá embættismenn sem hefðu með svo viðkvæm mál að gera sem og stefnu þeirra og samningsaðferðir.

Dómstóllinn féllst á mikilvægi þess að vernda störf utanríkisþjónustunnar fyrir utanaðkomandi afskiptum. Hins vegar var ekki fallist á að með því að birta viss atriði í stefnu svissneskra stjórnvalda við umræddar samningaviðræður hefði verið ógnað svo mikilvægum hagsmunum að þeir skyldu veða þyngra en tjáningarfrelsið. Þá hafði héraðsdómstóllinn í Zürich sérstaklega tekið fram að birting þessa trúnaðarskjals hefði ekki stefnt í hættu grundvelli svissneska ríkisins.

Dómstóllinn taldi að í frelsi fjölmiðla fælist heimild til að stílfæra ákveðin atriði eða setja þau fram á ögrandi hátt. Ekki skipti meginmáli að viðurlögin sem kærandi hlaut voru ekki þung. Var það álit dómsins að sakfelling kæranda hefði ekki verið til þess fallin að ná lögmeðu markmiði, enda væru hafðir í huga hagsmunir lýðræðisríkis af því að vernda og viðhalda frelsi fjölmiðla. Það var niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Ekki var gerð krafa um bætur af hálfu kæranda.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

**Dammann gegn Sviss**  
**Dómur frá 25. apríl 2006**  
**Mál nr. 77551/01**  
**10. gr. Tjáningarfrelsi**  
***Trúnaðarupplýsingar. Blaðamenn.***

### 1. Málsatvik

Kærandi, Viktor Dammann, er svissneskur ríkisborgari (f. 1950) og búsettur í Zürich þar sem hann starfar sem blaðamaður.

Hann skrifar fréttir af dómsmálum í dagblaðið Blick. Í tengslum við starf sitt ákvað hann að rannsaka rán á pósthúsi í Zürich í september 1997 þar sem 53 milljónum svissneskra franka var stolið.

Í tengslum við rannsókn sína á málinu hringdi hann á skrifstofu saksóknara í Zürich þann 10. september 1997 og bað um að fá samband við saksóknara. Þar sem enginn saksóknari var við ræddi hann við Z, skrifstofumann hjá saksóknara, og bað um aðstoð hennar við að afla upplýsinga um sakaferil manna sem voru handteknir vegna gruns um þátttöku í ráninu. Hann myndsendi Z lista með nöfnum þeirra handteknu. Hún merkti við á listanum hverjir þeirra væru á skrá vegna fíkniefnamála eða annarra mála og hverjir væru ekki með sakaferil og afhenti svo kæranda listann daginn eftir.

Kærandi birti upplýsingarnar ekki, né heldur notaði hann þær með öðrum hætti. Hins vegar sýndi hann lögreglumanni listann, sem tilkynnti lögreglu og saksóknara um athæfi kæranda. Í kjölfarið var kærandi ákærður fyrir að hvetja til brots á þagnarskyldu og Z var ákærð fyrir að brjóta þagnarskyldu í opinberu starfi. Z var sakfelld fyrir brot í opinberu starfi og leyst frá störfum hjá saksóknara. Kærandi var sýknaður í undirrétti, en áfrýjunardómstóll í Zürich sakfelldi hann og dæmdi hann til að greiða sekt að fjárhæð 500 svissneskra franka.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að með sakfellingunni hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn tók fram að málið varðaði ekki rétt til að birta efni, heldur rannsóknar- og undirbúningsvinnu blaðamanna fyrir vinnslu og birtingu fréttæfnis. Dómstóllinn taldi þennan þátt starfs blaðamanna kalla á nákvæma skoðun í ljósi þess að takmarkanir á honum gætu stefnt tjáningarfrelsi í mikla hættu. Þótt óumdeilt væri að persónuupplýsingar um sakaferil hinna grunuðu ættu að njóta trúnaðar leit dómstóllinn til þess að hægt var að afla upplýsinganna með öðrum hætti. Það væri t.d hægt með því að skoða eldri dóma eða fréttaumfjöllun. Að mati dómstólsins vörðuðu upplýsingarnar almannahagsmuni þar sem þær tengdust upplýsingum um tiltekið rán sem hafði verið fjallað mikið um í fjölmiðlum.

## 10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn taldi svissneska ríkið þurfa að bera hallann af athöfnum Z, starfsmanns saksóknara, sérstaklega þar sem kærandi hafði ekki blekkt hana, hótad henni eða beitt þrýstingi til þess að veita sér upplýsingarnar. Ennfremur höfðu þeir sem áttu hlut að máli ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna atburðarins, þar sem kærandi ákvað að birta ekki upplýsingarnar.

Dómstóllinn taldi að refsing kæranda, þrátt fyrir að hún hefði verið væg, væri til þess fallin að fæla kæranda frá rannsóknarvinnu í starfi sínu. Takmörkunin gæti haft þær afleiðingar að blaðamenn héldu aftur af sér í samfélagslegri umræðu og þannig hefti hún fjölmiðla í að sinna hlutverki sínu að miðla upplýsingum til almennings.

Dómstóllinn taldi því að með refsingu kæranda hefði verið farið gegn meðalhófi og að hún væri ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi, með tilliti til hagsmuna lýðræðisþjóðfélags af því að viðhalda frelsi fjölmiðla. Var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 3.244 evrur vegna kostnaðar sem hann hafði orðið fyrir vegna reksturs málsins, en hann hafði ekki uppi kröfur um miskabætur.

**Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 6. júní 2006**

**Mál nr. 62332/00**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Persónuupplýsingar. Þjóðaröryggi.***

---

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

---

**Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku**

**Dómur frá 11. janúar 2006 – Yfirdeild**

**Mál nr. 52562/99 og 52620/99**

**11. gr. Funda- og félagafrelsi**

***Félagaskylda. Stéttarfélag.***

### 1. Málsatvik

Kærendur, Morten Sørensen og Ove Rasmussen, eru danskir ríkisborgarar og búsettir í Danmörku. Sørensen hóf störf sem sumarstarfsmaður hjá fyrirtækinu FDB í maí 1996. Á umsóknareyðublaði sem hann fyllti út kom fram að ráðning væri háð því skilyrði að hann gengi í stéttarfélag sem væri aðili að landssamtökum danskra stéttarféлага. Við ráðningu var Sørensen tilkynnt að um starf hans færi samkvæmt kjarasamningi vinnuveitanda og stéttarfélagins SID. Sørensen gerðist hins vegar félagi í öðru dönsku stéttarfélagi sem átti ekki aðild að umræddum landssamtökum og bar það fyrir sig að sem sumarstarfsmanni yrði honum ekki veitt full félagsaðild að SID. Var honum sagt upp störfum af þessum sökum. Rasmussen hafði hins vegar verið félagi í SID en sagt sig úr félaginu þar sem hann var ósammála pólitískum viðhorfum félagsins. Eftir að hann hafði verið atvinnulaus um skeið var honum boðið starf með því skilyrði að hann gerðist félagi í SID í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Rasmussen hóf að nýju störf í maí 1999 og gekk þá aftur í SID þótt hann væri enn ósammála viðhorfum félagsins.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn réttindum þeirra samkvæmt 11. gr. sáttmálans með útilokunarákvæði danskra kjarasamninga sem þá varðaði og skyldu þeirra til að vera í stéttarfélagi.

#### ***Niðurstaða***

Í samræmi við fyrri úrlausnir sínar áréttaði dómstóllinn að 11. gr. Sáttmálans tryggði ekki aðeins réttinn til að stofna til félaga heldur einnig rétt til þess að standa utan félaga, án þess þó að fyrirfram væri unnt að slá því föstu að neikvætt og jákvætt félagafrelsi nyti að öllu leyti sömu réttarverndar. Ekki væri unnt að líta svo á að kærendur hefðu afsalað sér rétti til neikvæðs félagafrelsis með því að taka við starfi með því skilyrði að þeir gerðust félagar í tilteknu stéttarfélagi. Þá áréttaði dómstóllinn að 11. gr. sáttmálans legði í vissum tilvikum þá skyldu á herðar stjórnvöldum að grípa til eðlilegra og viðeigandi ráðstafana í því skyni að tryggja með skilvirkum hætti réttindi einstaklinga í skiptum þeirra við aðra einkaaðila. Hefði það því ekki þýðingu þótt kæra málsins lyti ekki beint að aðgerðum danska ríkisins. Dómstóllinn lagði til grundvallar að vega þyrfti annars vegar hagsmuni einstaklingsins og hins vegar samfélagsins. Ríkin

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

hefðu ríkulegt svigrúm til mats um það hvernig jafnvægi milli hagsmuna launþega og atvinnurekanda yrði tryggt. Sama ætti við um heimildir stéttarféлага til að tryggja réttindi félagsmanna sinna. Hins vegar væri svigrúm ríkis til mats mun þrengra þegar lög þess heimiluðu gerð kjarasamninga sem væru andstæðir þeim réttindum sem fælust í 11. gr. sáttmálans. Í þessu sambandi þyrfti sérstaklega að líta til þeirrar réttlættingarástæðu sem ríki vísaði til og hversu langt skerðing á rétti einstaklings gengi. Þá þyrfti einnig að líta til breyttra viðhorfa um þýðingu útilokunarákvæða í kjarasamningum fyrir frelsið til að stofna og reka stéttarfélög.

Hvað Sørensen varðaði var vísað til þess að honum hafði verið sagt upp af þeirri einu ástæðu að hann varð ekki við því að ganga í félagið. Að mati dómstólsins var einnig ómögulegt að slá því föstu hvort Rasmussen hefði tekist að finna starf hjá vinnuveitanda sem ekki var bundinn af útilokunarákvæði kjarasamnings. Hins vegar væri ljóst að mati dómstólsins að Rasmussen hefði verið sagt upp án möguleika á endurráðningu og án bótaréttar ef hann hefði sagt sig úr félaginu. Engu skipti þótt kærendur hefðu getað gerst aðilar að SID með fyrirvara um að þeir styddu ekki pólitíska stefnu félagsins enda væri ljóst að félagsgjald hefði verið það sama og ella og engin trygging fyrir því að í aðild þeirra fælist ekki óbeinn stuðningur við stjórnmalaflokka sem stéttarfélagið studdi fjárhagslega. Var það niðurstaða dómstólsins að báðum kærendum hefði borið nauðsyn til þess að gerast félagar í SID og með því hefði inntak félaga-frelsis þeirra samkvæmt 11. gr. Sáttmálans verið skert. Dómstóllinn fjallaði um tilraunir danska löggjafans til að afnema með öllu notkun útilokunarákvæða í kjarasamningum. Var einnig vísað til breyttra viðhorfa ríkja til þess skipulags á vinnu-markaði sem hér um ræddi en aðeins Ísland auk Danmerkur heimilaði útilokunar-ákvæði í kjarasamningum. Að öllu virtu var ekki á það fallist með danska ríkinu að útilokunarákvæði í kjarasamningum væru nauðsynleg til þess að frelsi til að starfrækja stéttarfélög væri tryggt. Var það því niðurstaða dómstólsins að danska ríkið hefði vanrækt skyldur sínar samkvæmt 11. gr. sáttmálans.

Voru Sørensen dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 33.689 evrur í málskostnað en Rasmussen 37.678 evrur í málskostnað.

Fimm dómarrar skiluðu séráliti.

### Zdanoka gegn Lettlandi

Dómur frá 16. mars 2006 – Yfirdeild

Mál nr. 58278/00

Sjá reifun dóms undir 3. gr. 1. viðauka.

*Kosningalög. Kjörgengisskilyrði.*

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

**Tsonev gegn Búlgaríu**  
**Dómur frá 13. apríl 2006**  
**Mál nr. 45963/99.**  
**11. gr. Funda- og félagafrelsi**  
**Bann við starfsemi stjórnmalaflokka.**

### 1. Málsatvik

Kærandi, Anguel Tsonev Anguelov, er búlgarskur ríkisborgari (f. 1958) og býr í Sófíu. Hann er formaður byltingarflokks æskulýðsins. Kærandi stofnaði, ásamt 49 öðrum, Kommúnistaflokk Búlgaríu og var hann kjörinn formaður. Stofnskrá flokksins tilgreindi að flokkurinn aðhylltist byltingarkennda félagspólítíska hugmyndafræði. Hinn 3. desember 1996 lagði kærandi fram umsókn til dómstóla um að fá flokkinn skráðan í samræmi við fyrirmæli laga um stjórnmalaflokka frá 1990. Hinn 6. mars 1997 synjaði dómstóllinn um skráningu á flokknum. Kærandi skaut þeirri ákvörðun til Hæstaréttar sem staðfesti ákvörðun undirréttar. Því var haldið fram að umsækjendur hefðu ekki farið eftir þeim kröfum sem gerðar væru í lögum um stjórnmalaflokka. Benti dómstóllinn sérstaklega á að lagfæringar á stofnskrá flokksins hefðu ekki verið undirritaðar og að valdsvið innri eininga flokksins og innra skipulag hans væri ekki nægilega skilgreint í stofnskránni. Einnig var bent á að stofnskráin greindi ekki frá því með hvaða hætti félagsaðild lyki. Að auki var því haldið fram að markmið flokksins væru hin sömu og annarra tiltekinnna flokka. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri unnt að skrá flokkinn þar sem nafn hans væri of líkt nafni annars flokks, búlgarska kommúnistaflokksins sem áður var við völd. Því var einnig haldið fram að markmið flokksins væru í andstöðu við fyrirmæli stjórnarskrár sem og laga um stjórnmalaflokka frá 1990.

Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. stjórnarskrár Búlgaríu er bönnuð starfsemi samtaka sem beinist gegn fullveldi ríkisins eða einingu þjóðarinnar og hvetur til fjandskapar milli kynþátta, þjóðerna, þjóðarbrotu eða trúarbragða auk banns við starfsemi samtaka sem leitast við að ná markmiðum sínum með ofbeldi. Í 2. mgr. 3. gr. laga um stjórnmalaflokka frá 1990 var lagt bann við starfsemi stjórnmalaflokka þar sem markmið flokksins væru af framangreindum toga. Hæstiréttur úrskurðaði að hugtakið „byltingarkenndur“ í stofnskrá flokksins gæfi til kynna að markmið flokksins félli undir framangreindar takmarkanir.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að synjun búlgarskra dómstóla um skráningu á Kommúnistaflokki Búlgaríu hefði brotið í bága við félagafrelsi hans og væru takmarkanir þessar ekki nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi. Því hefði verið brotið gegn 11. gr. sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Að því er varðaði meinta annmarka á stofnskrá flokksins og skrásetningargögnum benti dómstóllinn á, að í 1. mgr. 8. gr. laga um stjórnmalaflokka frá 1990 væru formkröfur til stofnskrár og annarra atriða ekki tilgreindar með nægilega skýrum hætti. Var

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

ekki fallist á að dómstólum hefði verið rétt að synja um skráningu flokksins á þessum forsendum.

Dómstóllinn féllst ekki á þau rök innanlandsdómstóla að nafn flokksins gæti komið í veg fyrir skráningu þar sem það væri áþekkt nafni annars skráðs flokks sem og áþekkt nafni búlgarska kommúnistaflokksins sem áður var við völd. Dómstóllinn benti á að í Búlgaríu væru starfandi nokkrir flokkar sem kenndu sig við kommúnisma, þar af einn sem hétí Kommúnistaflokkur Búlgaríu. Gat hvorki heiti flokksins né það að stefnuskrá hans var keimlík stefnuskrá ýmissa annarra flokka réttlætt að skráningar skyldi synjað.

Dómstóllinn gat ekki séð að flokkurinn gæfi með einhverju móti, utan nafns síns, til kynna að hann stefndi að yfirráðum einnar stéttar umfram aðrar. Ekki væri heldur sannað að með notkun orðsins „byltingarkenndur“ í formála stofnskrárinnar hefði flokkurinn valið stefnu sem ógnaði búlgörsku samfélagi eða búlgarska ríkinu. Þá væru til aðrir flokkar í Búlgaríu sem notuðu orðið í nafni sínu og stefnuskrám. Slíkt virtist ekki túlkað sem svo, að þeir væru líklegir til að grípa til ofbeldis og væri starfsemi þeirra leyfð. Ekki væri heldur að finna neitt í yfirlýsingum flokksins, eins og þær voru settar fram í formála stofnskrárinnar, sem gæti staðfest að markmið flokksins væru ólýðræðisleg eða að stefnt væri að því að ná þeim fram með ofbeldi.

Dómstóllinn féllst á að pólitísk stefnuskrá flokks gæti verið til þess fallin að leyna markmiðum og fyrirætlanum sem væru önnur en þau sem hann lýsti yfir. Hins vegar gæti pólitísk stefnuskrá flokksins tæplega gefið ranga mynd af aðgerðum sem flokkurinn hefði gripið til, þar sem umsókn um skráningu var hafnað og flokkurinn hefði þar af leiðandi ekki haft tíma til að grípa til aðgerða. Flokknum var þess vegna refsað fyrir háttsemi sem raunverulega tengdist tjáningarfrelsinu. Dómstóllinn benti að lokum á, að ef flokkurinn hefði gripið til ofbeldis eða annarra ólýðræðislegra aðgerða, hefðu yfirvöld ekki verið úrræðalaus þar sem samkvæmt þágildandi lögum gat dómstóll leyst upp flokkinn ef starfsemi hans reyndist í andstöðu við stjórnarskrá eða umrædd lög.

Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að markmið og yfirlýsingar flokks kæranda væru sömuleiðis ófullnægjandi ástæða til synjunar um skráningu. Ennfremur benti dómstóllinn á að aðgerðir sem gripið var til hefðu gengið svo langt að þær jöfnuðust á við bann við því að flokkurinn hæfi starfsemi. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ástæðurnar fyrir synjun um skráningu væru ófullnægjandi. Þar af leiðandi gæti takmörkun á félagafrelsi kæranda ekki hafa verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi og var því brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 11. gr. Sáttmálaus.

Tveir dómamarar skiluðu séráliti.

**Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 6. júní 2006**

**Mál nr. 62332/00**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Persónuupplýsingar. Þjóðaröryggi.***

## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

**Öllinger gegn Austurríki**

**Dómur frá 29. júní 2006**

**Mál nr. 76900/01**

**11. gr. Funda- og félagafrelsi**

**Mótmælafundur. Fundafríður.**

### 1. Málsatvik

Kærandi, Karl Öllinger, er austurrískur ríkisborgari (f. 1951) og búsettur í Vínarborg. Hann er þingmaður flokks græningja. Hinn 30. október 1998 tilkynnti kærandi lögregluþingmálinum í Salzburg að hann hygðist halda fund í einum kirkjugarða borgarinnar á allraheilagramessu 1. nóvember 1998, nánar tiltekið við minnismerki tileinkað gyðingum úr borginni sem myrtir voru af SS-sveitunum í heimsstyrjöldinni síðari. Hann benti á að fundurinn yrði á sama tíma og í sama kirkjugarði og árleg samkoma fyrrum austurrískra meðlima SS-sveitanna yrði, en ítrekaði að mótmælin yrðu friðsamleg og ekki ögrandi. Lögregluþingmálinum bönnuðu fund kæranda með vísan til þess að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir truflun á almannafríði.

Hinn 13. desember 2000 hafnaði stjórnlagadómstóll landsins kvörtun kæranda. Hins vegar var það álit dómstólsins að yfirvöld hefðu nálgast málið á grundvelli þröngra sjónarmiða. Taldi stjórnlagadómstóllinn að ekki hefði verið unnt að réttlæta bannið við fyrirhuguðum fundi með þeim rökum að vernda þyrfti hina minningarathöfnina sem fram átti að fara í garðinum. Bannið var eigi að síður nauðsynlegt á grundvelli þeirrar jákvæðu skyldu sem lögð væri á aðildarríki samkvæmt 9. gr. sáttmálans um trúfrelsi og vernd til handa þeim sem iðka trúarbrögð sín gagnvart truflun af hálfu annarra. Var þá vísað til þess að allraheilagramessa væri samkvæmt venju nýtt til þess að minnast hinna látnu og minningarathafnir um hermenn hefðu áður verið truflaðar af mönnum sem sótt hefðu sambærilega fundi á vegum kæranda.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði á því að bann við fyrirhuguðum fundi bryti í bága við rétt hans til funda- og félagafrelsis samkvæmt 11. gr. sáttmálans, rétt til hugsana-, samvisku- og trúfrelsis samkvæmt 9. gr., rétt til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sem og ákvæði 14. gr. hans um bann við mismunun.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn benti á að málið varðaði grundvallarréttindi kæranda og í tengslum við þau þyrfti að gæta jafnvægis milli funda og tjáningarfrelsis hans annars vegar og hins vegar réttar annarra gesta kirkjugarðsins til að rækja trú sína.

Dómstóllinn taldi sýnt að samkoma kæranda hefði verið ætluð sem mótvægi við minningarathöfnina um hina látnu hermenn og til að vekja athygli á glæpum SS-sveitanna. Dómstóllinn taldi að fortakslaust bann við slíkri samkomu væri of víðtækt, sérstaklega þegar lítið væri til þess að kærandi væri þingmaður sem vildi með þessu tjá skoðun



## 11. gr. Funda- og félagafrelsi

sem varðaði almannahagsmuni. Var því tekið undir það með Hæstarétti Austurríkis að ekki væri nægilegt að vísa til þess að umrædd minningarathöfn yrði fyrir truflunum.

Við mat á því hvort umrætt bann gæti verið réttlætanlegt með tilliti til réttar annarra gesta kirkjugarðsins til að rækja trú sína, rakti dómstóllinn ýmis atriði sem bentu til þess að umrætt bann samræmdist ekki því markmiði sem leitast væri við að ná. Var samkomunni þannig hvorki beint gegn trúarbrögðum annarra gesta kirkjugarðsins né rækslu þeirra. Þar að auki bjóst kærandi aðeins við fáum fundarmönnum sem myndu tjá skoðanir sínar án söngs eða áróðursborða. Þá lá ekki fyrir að komið hefði til ryskinga á fyrri fundum kæranda. Var því ekki fallist á að ekki hefði mátt heimila báðar samkomur og grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana í því skyni að tryggja almannafrið. Að mati dómstólsins höfðu austurrísk yfirvöld því tekið of lítið tillit til hagsmuna kæranda og ekki gætt nægilega að jafnvægi milli ólíkra hagsmuna. Var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 11. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi ekki þörf á því að kanna sérstaklega ætluð brot á 9., 10. og 14. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 5.878.88 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

---

## 12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

---

Dickson gegn Bretlandi  
Dómur frá 18. apríl 2006  
Mál nr. 44362/04.  
Sjá reifun dómsins undir 8. gr.  
*Fangar. Réttur til tæknifrjóvgunar.*

---

## 13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

---

Goussev og Marenk gegn Finnlandi  
Soini o.fl. gegn Finnlandi  
Dómar frá 17. janúar 2006  
Mál nr. 35083/97 og 36404/97  
Sjá reifun dómsins undir 10. gr.  
*Meiðyrði. Mótmæli. Húsleit. Haldlagning.*

Albanese gegn Ítalíu  
Dómur frá 23. mars 2006  
Mál nr. 77924/01  
8. gr. Friðhelgi einkalífs  
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns  
3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga  
*Réttaráhrif gjaldþrotaskipta. Missir kosningaréttar.*

Pereira Henriques o.fl. gegn Lúxemborg  
Dómur frá 9. maí 2006  
Mál nr. 60255/00  
Sjá reifun dómsins undir 2. gr.  
*Vinnuslys. Rannsókn. Aðgangur að dómstólum. Réttindi að einkamálarétti.*

Segerstedt-Wiberg o.fl. gegn Svíþjóð  
Dómur frá 6. júní 2006  
Mál nr. 62332/00  
Sjá reifun dómsins undir 8. gr.  
*Persónuupplýsingar. Þjóðaröryggi.*

---

## 14. gr. Bann við mismunun

---

**Mizzi gegn Möltu**  
**Dómur frá 12. janúar 2006**  
**Mál nr. 26111/02**  
**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**  
*Aðgangur að dómstólum. Faðernisákvörðun.*

**D.H. o.fl. gegn Tékklandi**  
**Dómur frá 7. febrúar 2006**  
**Mál nr. 57325/00**  
**Sjá reifun dómsins undir 2. gr. 1. viðauka.**  
*Barnaskólar. Mismunun vegna þjóðernisuppruna.*

**Evans gegn Bretlandi**  
**Dómur frá 7. mars 2006**  
**Mál nr. 6339/05**  
**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**  
*Tæknifrjóvgunarmeðferð. Fósturvísar.*

**Stec o.fl. gegn Bretlandi**  
**Dómur frá 12. apríl 2006 - Yfirdeild**  
**Mál nr. 65731/01**  
**14. gr. Bann við mismunun**  
**1. gr. sammingsviðauka nr. 1. Friðhelgi eignarréttarins.**  
*Almannatryggingar. Lífeyrisgreiðslur. Mismunun vegna kynferðis.*

### 1. Málsatvik

Kærendur, Anna Stec (f. 1933), Patrick Lunn (f. 1923), Sybil Spencer (f. 1926) og Oliver Kimber (f. 1924), eru breskir ríkisborgarar og búsett á Bretlandi. Kærendur urðu fyrir meiðslum við störf og fengu í kjölfarið bætur úr almannatryggingum vegna skertar starfsorku og tekjutaps. Á fyrri árum voru slíkar bætur greiddar samhliða ellilífeyri en árið 1986 voru sett lög sem felldu niður eða lækkuðu bætur fyrir tekjumissi þegar fólk öðlaðist rétt til töku ellilífeyris. Samkvæmt breskum lögum er konum heimilt að hefja töku ellilífeyris 60 ára en körlum 65 ára. Stefnt er að því að árið 2020 verði þessi munur úr sögunni og að frá þeim tíma geti bæði kynin fengið ellilífeyri frá 65 ára aldri.

*Málsatvik varðandi Önnu Stec.* Árið 1989 varð kærandi fyrir bakmeiðslum og hætti í kjölfarið störfum. Fram til 31. mars 1996 fékk hún bætur vegna tekjumissis en eftir það fékk hún aðeins ellilífeyri. Jafngamall karlmaður í sömu stöðu hefði hins vegar fengið fyrrnefndu bæturnar lengur.

## 14. gr. Bann við mismunun

*Málsatvik varðandi Patrick Lunn og Oliver Kimber.* Kærendur hættu báðir störfum vegna vinnumeiðsla. Þegar þeir urðu sjötugir, sem er hámarksaldur til að hefja töku ellilífeyris, féllu bætur vegna tekjumissis niður. Ef þeir hefðu verið konur hefði taka ellilífeyris hafist fimm árum fyrr, og þeir haldið bótum vegna tekjumissisins, þar sem lagabreytingin var ekki komin til framkvæmda fimm árum áður.

*Málsatvik varðandi Sybil Spencer.* Árið 1993 voru bótagreiðslur til hennar vegna tekjumissis „frystar“ og eftir það miðaðar við ákveðna fjárhæð á viku í stað þess að taka hækkunum með sama hætti og aðrar bótategundir. Bætur karlmanns í sömu stöðu hefðu ekki verið frystar á þennan hátt.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærendur töldu að um væri að ræða kynbundna mismunun sem bryti í bága við 14. gr. og 1. gr. 1. viðauka um vernd eignarréttarins. Þau héldu því fram að mismunun vegna kynferðis ætti sér stað við mat á því hvort og í hvaða mæli þau skyldu njóta bóta vegna tekjumissis og ellilífeyris.

### *Niðurstaða yfirdeildar*

Málinu var vísað til yfirdeildar samkvæmt 30. gr. sáttmálans með ákvörðun 24. ágúst 2004.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að sú stefna ríkisstjórnarinnar að stöðva greiðslur bóta vegna tekjumissis til þeirra sem hvort er hefðu látið af störfum fyrir aldurs sakir, og að tengja tímamark þeirrar stöðvunar við ellilífeyrisaldur, stefndi að lög-mætu markmiði og væri byggð á hlutlægum og málefnalegum sjónarmiðum. Þessi niðurstaða helgaðist af því að bótunum var ætlað að bæta það tjón sem fólk yrði fyrir vegna skertrar starfsorku á meðan það væri á starfshæfum aldri. Því næst var tekið til skoðunar hvort ólík réttarstaða karla og kvenna í þessu tilliti bryti gegn 14. gr. sáttmálans.

Mismunandi aldursmark karla og kvenna við töku ellilífeyris hafði komið til sögunnar í Bretlandi árið 1940. Tilgangurinn var að draga úr fjárhagslegu ójafnrétti sem stafaði af því að konur unnu fyrst og fremst ólaunuð störf inni á heimilunum. Þetta var ekki talið brjóta gegn 14. gr. enda stendur sú grein ekki í vegi fyrir því að ríki grípi til aðgerða til að draga úr misrétti. Taldi dómstóllinn að þessi mismunur á réttarstöðu væri réttlæt看legur meðan hans væri þörf, eða þar til starfsaldur kvenna á vinnumarkaði hætti að vera styttri en karla. Staða kvenna á vinnumarkaði hefði verið að réttast smátt og smátt og erfitt væri að benda á einhvern sérstakan tímamark í þeim efnum. Þegar jafnrétti á vinnumarkaði væri náð væri hins vegar ekki réttlæt看legt að karlmenn yrðu fyrir frekari mismunun í þeim tilgangi að bæta stöðu kvenna, enda þá engin þörf á að konur nytu sérstakrar meðferðar lengur. Frá árinu 1991 hefði ríkisstjórnin unnið að því að fella niður þennan greinarmun sem gerður væri á réttarstöðu kynjanna. Ef til vill mætti halda því fram að slíkt skref hefði átt að stíga fyrir en til hins væri að líta, að sú regla væri enn við lýði í mörgum Evrópuríkjum að ellilífeyrisaldur kvenna væri lægri en karla. Þegar þetta væri virt og litið til þess að markmið þessarar mismununar var í

#### 14. gr. Bann við mismunun

upphafi lögmætt og loks haft í huga að engin algild regla væri í gildi um ellilífeyrisaldur innan Evrópulandanna, taldi dómstóllinn ekki hægt að gagnrýna bresku ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki stefnt fyrir í átt að sama aldursmarki fyrir bæði kynin. Þá taldi dómstóllinn eðlilegt að leiðin að því marki væri farin í nokkrum skrefum enda um að ræða mikil viðbrigði fyrir konur og hagkerfið í heild.

Niðurstaða yfirdeildar var samkvæmt þessu sú að ekki hefði verið brotið gegn 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. viðauka við hann.

Tveir dómendur skiluðu séráliti.

#### **Grant gegn Bretlandi**

**Dómur frá 23. maí 2006**

**Mál nr. 32570/03**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

*Áhrif kynskiptiaðgerðar. Almennatryggingar. Mismunun vegna kynferðis.*

#### **Zarb Adami gegn Möltu**

**Dómur frá 20. júní 2006**

**Mál nr. 17209/02**

**4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

**14. gr. Bann við mismunun**

*Kviðdómar. Borgaraskyldur. Mismunun vegna kynferðis.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi, Maurice Zarb Adami, er maltneskur ríkisborgari og býr í Attard á Möltu. Hann er lyfjafræðingur.

Á árunum 1971 til 2002 var hann á lista yfir kviðdómendur. Á tímabilinu 1971 til 1997 var hann þrisvar sinnum kvaddur til setu í kviðdómi sem formaður kviðdóms. Árið 1997 sinnti hann ekki kvaðningu til kviðdóms og hlaut hann í sekt 240 evrur.

Pegar kærandi greiddi ekki sektina var hann kvaddur fyrir dóm. Hann bar fyrir sig að umrædd sekt fæli í sér mismunun sem bryti gegn 45. gr. Stjórnarskrárinnar og 14. gr. Mannréttindasáttmálans, sbr. d-lið 3. mgr. 4. gr. hans, þar sem aðrir einstaklingar í sömu stöðu hefðu ekki þá þegnskyldu að taka sæti í kviðdómi. Vísaði hann í þessu sambandi til þess að í lagaframkvæmd væru konur í reynd undanþegnar kviðdómendastörfum. Hann benti á að á síðustu 5 árin hefði hlutfall kviðdómara verið 3,05% konur á móti 96,95% körlum. Enn fremur væri ljóst að byrðinni væri ekki skipt til jafns milli karla þar sem listi yfir kviðdómendur árið 1997 næði einungis til 3,4% kjósenda. Hann lagði áherslu á að störf í kviðdómi væri byrði, þar sem þess væri reglulega krafist af kviðdómendum að þeir létu af störfum sínum til að vera viðstaddir réttarhöld í málum. Að sama skapi legðu slík störf siðferðislega byrði á kviðdómara þar sem honum væri gert að dæma

## 14. gr. Bann við mismunun

um sekt eða sakleysi annars einstaklings. Hinn 5. febrúar 1999 hafnaði undirréttur kröf-  
um kæranda og áfrýjunardómstóll hafnaði áfrýjun hans.

Árin 2003 og 2004 var kærandi kvaddur til meðdómendastarfa en á þeim tíma var  
hann háskólakennari. Hann óskaði eftir undanþágu frá því að sitja í kviðdómi með vísan  
til lögbundinna heimilda sem áttu við um háskólakennara en beiðnum hans var hafnað í  
bæði skiptin.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi hélt því fram að hann hefði þurft að þola mismunun á grundvelli kynferð-  
is, þar sem hlutfall kvenna í kviðdómum á Möltu væri óverulegt og að hann hefði verið  
þvingaður til að taka þátt í réttarhöldum á grundvelli borgaraskyldu sem mismunandi  
einstaklingum. Með þessu hefði verið brotið í bága við 14. gr. sáttmálans, sbr. 3. mgr.  
4. gr. um bann við nauðungarvinnu og 6. gr. um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir  
dómi.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að skylda til að sitja í kviðdómi félli undir það sem teldist  
venjuleg borgaraskylda í skilningi d-liðar 3. mgr. 4. gr. sáttmálans. Dómstóllinn leit til  
þess að kærandi hefði ekki boðið sig fram til starfa í kviðdómi og í þeim tilvikum sem  
hann sinnti ekki kvaðningu hefði verið lögð á hann sekt þar sem vararefsing væri fang-  
elsi. Vegna náinna tengsla skyldunnar til starfa og sektarinnar taldi dómstóllinn að  
skyldan til að greiða sektina félli einnig undir d-lið 3. mgr. 4. gr. sáttmálans. Mat dóm-  
stólsins var að 4. gr. sáttmálans ætti við um staðreyndir málsins og samkvæmt þeim  
ætti 14. gr. einnig við um þær.

Hvað varðaði mismunun manna í sambærilegri stöðu leit dómstóllinn til þess að  
slík mismunun fólst ekki í gildandi lögum á Möltu á umræddum tíma enda mæltu þau  
ekki fyrir, samkvæmt orðalagi sínu, um mismunun á grundvelli kynferðis. Umrædd  
mismunun væri hins vegar byggð á venjubundinni framkvæmd sem einkenndist af  
mörgum þáttum, til dæmis hvernig listi yfir kviðdómendur væri samsettur og þau við-  
mið sem réðu undanþágum frá starfanum. Vegna þessa væri aðeins lítil hluti kvenna  
settur á lista eða kallaður til starfa í kviðdómi.

Dómstóllinn ítrekaði að tölfraðilegar upplýsingar gætu ekki, einar sér, talist nægi-  
leg sönnun um mismunun. Í málinu þóttu þær tölfraðilegu upplýsingar sem fyrir lágu  
þó sýna að borgaraleg skylda til að sinna kviðdómendastörfum hefði aðallega verið  
lögð á karlmennt. Þess vegna hefði tveimur hópum í sömu stöðu, þ.e. körlum og  
konum, verið mismunandi vegna kynferðis að því er varðaði störf í kviðdómi. Gilti þá  
einu þótt hlutfall kvenna hefði hækkað undanfarið ár.

Dómstóllinn áréttaði að ef stjórnvöld mörkuðu sér stefnu eða gerðu ráðstafanir sem  
leiddu til mismununar gæti slíkt brotið gegn 14. gr. Sáttmálans þótt stefnu eða ráðstöfun  
hefði ekki verið ætlað að stuðla að mismunun. Enn fremur þyrfti mjög þungvæg rök til  
að dómstóllinn gæti talið mismunun á grundvelli kynferðis samræmast sáttmálanum.

#### 14. gr. Bann við mismunun

Hvað varðaði kæranda benti maltneska ríkið á að umrædd mismunun byggðist á nokkrum þáttum. Í fyrsta lagi væru kviðdómarar valdir úr hópi fólks sem væri virkt í efnahagslífinu og á vinnumarkaði. Í öðru lagi væri lögbundin undanþága frá störfum í kviðdómi fyrir þá sem sæju um heimili og fjölskyldu og að fleiri konur en karlmenn gætu eðli málsins samkvæmt nýtt sér þá undanþágu. Í þriðja lagi hefðu lögmenn sakborninga í refsimálum tilhneigingu til þess að sækja harðar að kvenkyns kviðdómendum.

Dómstóllinn dró í efa að rök ríkisins væru fullnægjandi skýring á verulegu mismunum á skiptingu kviðdómenda og að seinni tvær röksemdirnar skýrðu ekki sérstaklega lágt hlutfall kvenna á lista fyrir kviðdómendum. Engin gild rök hefðu verið lögð fram fyrir dómstólnum sem réttlætt gætu slíka mismunun. Sérstaklega bæri að geta þess að umrædd mismunun virtist ekki stefna að neinu lögmætu markmiði og að ekki væri samband milli þeirrar hlutfallslegu mismununar sem um ræddi og þeirra markmiða sem leitast væri við að ná. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið í bága við 14. gr., sbr. d-lið 3. mgr. 4. gr. sáttmálans.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á því að kanna frekari mismunun gagnvart kæranda með tilliti til annarra karlmanna í sömu stöðu eða taka afstöðu til 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 7.752 evrur í málskostnað á grundvelli 41. gr.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

---

## 34. gr. Kærur einstaklinga

---

**Aoulmi gegn Frakklandi**

**Dómur frá 17. janúar 2006**

**Mál nr. 50278/99**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

**34. gr. Kærur einstaklinga**

***Brottvísun. Ómannúðleg meðferð. Skylda ríkis til að tryggja raunhæfan kærurétt.***

### 1. Málsatvik

Kærandi er alsírskur ríkisborgari (f. 1956). Kærandi kom til Frakklands á fjórða aldursári og var giftur frönskum ríkisborgara frá 1989 til 1993. Þau eiga dóttur fædda árið 1983. Kærandi smitaðist af lifrabólgu C árið 1994.

Kærandi var dæmdur til 14 mánaða fangelsisvistar í desember 1988 fyrir fíkniefna-brot en hafði áður verið dæmdur fyrir önnur brot, þar á meðal innbrot. Með dóminum var honum ennfremur vísað úr landi ótímabundið og bönnuð endurkoma til Frakklands. Við áfrýjun var fangelsisvistin lengd í fjögur ár og brottvísunin staðfest. Að auki var kærandi á árinu 1992 dæmdur til 6 ára fangelsisvistar fyrir fíkniefnabrot, þriggja mánaða fangelsisvistar fyrir fölsun og tveggja mánaða fyrir að virða brottvísunina að vettugi.

Þann 9. ágúst 1999 var kæranda veitt lausn úr fangelsi og hann þá settur í umsjón stjórnvalda þangað til framfylgja mætti ákvörðun um brottvísun hans úr landi. Hinn 11. ágúst 1999 fyrirskipaði stjórnvald að kærandi skyldi fluttur til Alsír en sama dag barst Mannréttindadómstólnum kæra kæranda. Var frönsku ríkisstjórninni í kjölfarið tilkynnt að í samræmi við 39. gr. reglna dómstólsins væri æskilegt að bíða með brottvísun kæranda þar til dómstóllinn hefði skorið úr um kærana. Þrátt fyrir þetta var kærandi fluttur til Alsír 19. ágúst 1999. Brottvísunin var felld úr gildi af undirrétti 13. desember 2000.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi að með brottvísun hans ætti hann á hættu að brotið yrði á réttindum hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Annars vegar vegna heilsufars hans og hins vegar þar sem hann kæmi úr svokallaðri harkifjölskyldu (heiti yfir þá sem studdu Frakka í sjálfstæðisbaráttu Alsír). Þá byggði kærandi einnig á því að brottvísun hans myndi brjóta réttindi hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans til friðhelgi fjölskyldulífs, enda hefði hann engin tengsl við Alsír og fjölskylda hans byggð í Frakklandi.



### 34. gr. Kærur einstaklinga

#### *Niðurstaða*

Um 3. gr.: Heilsufar kæranda. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki sýnt fram á að hann gæti ekki fengið viðeigandi meðferð við sjúkdómi sínum í Alsír. Taldi dómstóllinn að þrátt fyrir að byggt yrði á því að auðveldara væri að fá slíka meðferð í Frakklandi hefði það ekki úrslitaáhrif hvað varðaði 3. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að samkvæmt læknisvottorði 13. ágúst 1999 væri heilsufar kæranda ekki þannig að ástæða væri til að ætla að kærandi væri í yfirvofandi hættu. Að síðustu leit dómstóllinn til þess að samkvæmt læknisvottorði útgefnu í júlí 2005 hefði ekki verið fylgst með ástandi kæranda í um 10 ár. Að þessu virtu var það álit dómstólsins að ekki væri fyrir hendi yfirvofandi hættu á því að brottvísun kæranda til Alsír bryti gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Hættur sem steðjuðu að kæranda í Alsír. Dómstóllinn tók fram að einhverjar líkur á slæmri meðferð vegna átaka í tilteknu landi væru ekki nægileg til að fela í sér brot á 3. gr. sáttmálans. Þá þótti mega vænta þess að þróun mála yrði jákvæð í Alsír. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að ákvörðun um brottvísun kæranda til Alsír bryti ekki gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn leit í fyrsta lagi til alvarleika þeirrar háttsemi sem kærandi hafði hlotið sakfellingardóma fyrir. Við ákvörðun um brottvísun hafði verið tekið tillit til þeirra brota sem kærandi hafði verið sakfelldur fyrir, sem og til þess hve illa tilraunir til að aðlaga hann að frönsku samfélagi hefðu gengið. Dómstóllinn leit hins vegar til þess að kærandi hafði komið til Frakklands fjögurra ára og dvalist þar fram að þeim tíma sem hann var fluttur til Alsír. Félagsleg tengsl hans voru nær eingöngu bundin við Frakkland og einu tengsl hans við Alsír voru ríkisborgararéttur hans.

Þótt fjölskylda kæranda byggi í Frakklandi benti dómstóllinn á að tengsl milli full-orðinna væru ekki endilega vernduð af 8. gr. sáttmálans, án þess að sýnt væri fram á önnur og frekari tengsl sem gengju lengra en hin almennu tilfinningalegu tengsl hverju sinni. Þegar litið var til þess að hjúskapur kæranda hófst eftir að honum var vísað úr landi og dóttir hans var orðin 16 ára þegar hann var fluttur til Alsír þótti ekki hafa verið brotið gegn 8. gr.

Um 34. gr.: Dómstóllinn tók fram að í 34. gr. sáttmálans fælist að ekki mætti með nokkrum hætti takmarka rétt einstaklinga til að koma á framfæri kæru og reka hana fyrir dómstólnum.

Í máli kæranda hafði brottvísun kæranda hindrað rannsókn kæru hans og að lokum komið í veg fyrir að dómstóllinn gæti veitt honum vernd gegn hugsanlegum brotum á réttindum hans samkvæmt sáttmálanum. Með því að hafa ekki fylgt tilmælum dómstólsins um frestun brottvísunar kæranda taldi dómstóllinn því að franska ríkið hefði brugðist skyldum sínum samkvæmt 34. gr. sáttmálans.

Voru kæranda dæmdar 7.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.

---

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

**Hellborg gegn Svíþjóð**

**Dómur frá 28. febrúar 2006**

**Mál nr. 47473/99**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Munnleg málsmeðferð. Lóðarkvaðir. Byggingarleyfi.*

**Eko-Elda AVEE gegn Grikklandi**

**Dómur frá 9. mars 2006**

**Mál nr. 10162/02**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

*Skattlagning. Endurgreiðsla ofgreidds skatts.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er hlutafélag sem sérhæfir sig í olúvörum. Í júní 1988 óskaði kærandi eftir því við skattstjóra landsins að endurgreiddar yrðu 362.105 evrur sem félagið hafði ofgreitt í tekjuskatt. Þegar skattyfirvöld neituðu endurgreiðslunni höfðaði kærandi mál fyrir dómstólum í Grikklandi til innheimtu kröfunnar auk vaxta.

Meðan málsmeðferð í málinu stóð yfir, í nóvember 1993, greiddi ríkið kæranda sem svaraði 362.105 evrum og breytti kærandi þá kröfu sinni fyrir dómi þannig að aðeins var krafist þeirra vaxta sem fallið hefðu á fjárhæðina frá greiðslu hennar. Dómstóll vísaði málinu frá og áfrýjunardómstóll komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri grundvöllur fyrir áfrýjun þar sem innlend skattalög á þeim tíma sem málið varðaði gerðu ekki ráð fyrir því að greiddir væru vextir á ofgreidda skatta í sambærilegum tilvikum. Hinn 8. nóvember 2000 vísaði áfrýjunardómstóll máli kæranda frá.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

#### *Kæran*

Kærandi byggði kæru sína á því að skattyfirvöld hefðu brotið á rétti hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans með því að hafna því að greiða vexti á ofgreidda skatta fyrirtækisins.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn rakti að ofgreiddur skattur kæranda hefði verið endurgreiddur honum um 5 árum og 5 mánuðum eftir að kærandi gerði kröfu um endurgreiðslu fjárhæðarinnar. Taldi dómstóllinn að höfnun ríkisins á að greiða dráttarvexti á hina ofgreidda fjárhæð í svo langan tíma hefði raskað því jafnvægi sem vera ætti milli þeirra almanna-hagsmuna og einstaklingshagsmuna sem málið varðaði. Var það því einróma niður-

### 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

staða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda til friðhelgi eignarréttar samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Voru kæranda dæmdar 120.000 evrur í miskabætur og 4.000 evrur í málskostnað.

#### Scordino gegn Ítalíu

**Dómur frá 29. mars 2006 – Yfirdeild**

**Mál nr. 36813/97**

**6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar**

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

*Málsmeðferð innan hæfilegs tíma. Eignarnám. Bótafjárhæð. Afturvirkni laga.*

#### 1. Málsatvik

Mál kæranda varðar réttaráhrif laga frá árinu 2001 sem kölluð eru „Pinto“ lögin en með þeim var lögfestur sá möguleiki að höfða bótamál fyrir ítölskum dómstólum vegna óhóflegrar lengdar málsmeðferðar fyrir innlendum dómstólum. Mál kæranda gegn Ítalíu varðaði einnig kröfu til bóta vegna eignarnáms.

Kærendur, Giovanni (f. 1959), Elena (f. 1949), Maria (f. 1951) og Giuliana Scordino (f. 1953), eru ítalskir ríkisborgarar og búa á Ítalíu. Árið 1992 erfðu kærendur m.a. 1.786 fermetra jörð sem tekin hafði verið eignarnámi í mars 1983 í þeim tilgangi að skipuleggja íbúðarbyggð á henni. Árið 1992 lýstu kærendur því yfir að þau myndu halda til streitu málaferlum þeim sem arfleifendur þeirra höfðu hafið í mars 1990 en þar höfðu þeir mótmælt þeirri bótafjárhæð sem þeim var greidd vegna eignarnámsins.

Eftir setningu laga nr. 359/1992 dómkvaddi áfrýjunardómstóll matsmann og var honum falið að meta hvort fjárhæð bótanna væri í samræmi við hin nýju lög. Matsmaðurinn taldi að markaðsvirði landsins hefði, þegar eignarnámið fór fram, verið 165.755 ítalskar lírur á fermetra og að samkvæmt lögnum frá 1992 hefði fjárhæð á hvern fermetra verið 82.890 ítalskar lírur. Í dómi sínum þann 17. júlí 1996 dæmdi áfrýjunardómstóll kærendum því bætur sem námu 82.890 ítölskum lírum á fermetra. Var dómur áfrýjunardómstólsins staðfestur við áfrýjun 7. desember 1998.

Kærendur kröfðust bóta samkvæmt „Pinto“ lögnum vegna þess óhóflega tíma sem málaferli þeirra tóku. Með dómi sínum þann 1. júlí 2002 komst áfrýjunardómstóllinn að því að málsmeðferðarlengd í máli kæranda hefði verið óhófleg og dæmdi þeim samtals 2.450 evrur í miskabætur auk málskostnaðar að mati dómsins.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

##### *Kæran*

Kærendur töldu réttindi sín samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hafa verið brotin með óhóflegum málsmeðferðartíma í máli því sem þeir höfðuðu sem og með þeirri lágu bótafjárhæð sem þeim var dæmd af ítölskum dómstólum vegna þessa. Þá töldu kærendur málsmeðferð í máli því sem þeir höfðuðu til heimtu bóta vegna eignarnáms ekki hafa verið sanngjarna. Enn fremur töldu kærendur rétt sinn samkvæmt 1. gr. 1.

### 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

viðauka til þess að fá að njóta eigna sinna í friði hafa verið brotinn með þeirri bótafjárhæð sem þeim var dæmd sem og afturvirkum áhrifum laga nr. 359/1992.

#### *Niðurstaða deildar*

Niðurstaðan í dómi deildar frá 29. júlí 2004 var að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vegna óhóflega langrar málsmeðferðar og einnig að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálans þar sem ekki væri unnt að réttlæta takmarkanir sem gerðar voru á eignarréttindum hans.

#### *Niðurstaða yfirdeildar*

Dómstóllinn fjallaði í fyrstu um hvort kærandi gæti talist hafa orðið fyrir broti sammingsaðila í skilningi 34. gr. sáttmálans þrátt fyrir að ítalska ríkið hefði viðurkennt brotið með dómi ítalskra dómstóla um að brotið hefði verið á rétti kæranda og með viðurkenningu bótaréttar kæranda vegna þessa. Að mati dómstólsins voru þessar aðgerðir ítalska ríkisins ekki fullnægjandi til þess að kærendur gætu ekki talist eiga rétt til kæru samkvæmt 34. gr. sáttmálans.

Um 6. gr.: Dómstóllinn lagði áherslu á mikilvægi þess að mál fengju málsmeðferð án tafa sem kynnu að stefna í hættu skilvirkni og trausti á dómskerfið. Dómstóllinn leit til þess að ítalskir dómstólar höfðu metið málsmeðferðartíma í máli kæranda of langan og einnig til þess að bótaréttur sá sem kærendur höfðu samkvæmt „Pinto“ lögnum hafði ekki rétt hlut kæranda. Taldi dómstóllinn þetta gera brot á rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans enn alvarlega en ef kærendur hefðu hlotið fullnægjandi bætur vegna hins óhóflega málsmeðferðartíma. Að mati dómstólsins var málsmeðferðartími í máli kæranda óhóflegur og brot á rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði þann hluta kærunnar sem snerti réttmæti málsmeðferðar fyrir ítölskum dómstólum tók dómstóllinn fram að áður en lögin frá 1992 tóku gildi hafði gilt sú regla að fjárhæð bóta vegna eignarnáms skyldi vera fullt markaðsvirði eignarinnar. Með setningu laganna höfðu kærendur því verið sviptir töluverðum hluta bótaréttar síns. Að mati dómstólsins hafði ríkið ekki sýnt fram á að sjónarmið um ríkisfjárhag eða markmið löggjafans með lagasetningunni væru augljósir og aðkallandi almannahagsmunir sem réttlætt gátu afturvirkni laganna. Var það því mat dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 1. gr. 1. viðauka: Að mati dómstólsins var skerðing á rétti kæranda til þess að fá að njóta eigna sinna í friði í samræmi við lög og gerð í þágu almannahagsmuna. Hvað varðaði það hvort skerðingin hefði verið í samræmi við kröfur um meðalhóf komst dómstóllinn að því að sú bótafjárhæð sem kærendum var dæmd hefði verið mun lægri en markaðsvirði jarðar þeirra sem sætti eignarnámi og að fjárhæð bótanna hefði ekki verið réttlætt með tilliti til sjónarmiða er tengdust almannahagsmunum. Var það því mat dómstólsins að á kærendur hefði verið lögð þung og óhófleg byrði og að brotið hefði verið á rétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

**1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar**

Voru kændum dæmdar 580.000 evrur í bætur, 12.400 evrur í miskabætur og 12.400 evrur í málskostnað.

**Stec o.fl. gegn Bretlandi**

**Dómur frá 12. apríl 2006 - Yfirdeild**

**Mál nr. 65731/01**

**Sjá reifun dómsins undir 14. gr.**

***Almannatryggingar. Lífeyrisgreiðslur. Mismunun vegna kynferðis.***

**Grant gegn Bretlandi**

**Dómur frá 23. maí 2006**

**Mál nr. 32570/03**

**Sjá reifun dómsins undir 8. gr.**

***Áhrif kynskiptiaðgerðar. Almannatryggingar. Mismunun vegna kynferðis.***

---

## 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

---

**D.H. o.fl. gegn Tékklandi**

**Dómur frá 7. febrúar 2006**

**Mál nr. 57325/00**

**14. gr. Bann við mismunun**

**2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar**

***Barnaskólar. Mismunun vegna þjóðernisuppruna.***

### 1. Málsatvik

Kærendur eru 18 tékkneskir ríkisborgarar af svokölluðum „roma“ uppruna, þ.e. sígaunar, fæddir á árunum 1985-1991 og búsettir í Tékklandi. Á árunum 1996-1999 voru þeir settir í sérskóla fyrir börn með námserfiðleika. Samkvæmt lögum er ákvörðun um að setja barn í skóla fyrir börn með sérþarfir tekin af yfirkennara á grundvelli niðurstaðna tveggja prófa sem mæla greind barnsins. Til þessa þarf samþykki forráðamanns. Fjórtán kæranda óskuðu eftir endurskoðun á ákvörðun um innritun þeirra í sérskóla og byggðu á því að umrædd próf hefðu verið óáreiðanleg og að foreldrar kæranda hefðu ekki verið upplýstir á fullnægjandi hátt um afleiðingar samþykkis þeirra. Við endurskoðun ákvörðunarinnar var talið að flutningur barnanna í sérskóla hefði verið í samræmi við reglur þar um.

Tólf kæranda kærðu ákvörðunina og byggðu á því að með flutningi í sérskóla væri verið að skapa almenna venju sem leiddi til aðskilnaðar og fordóma þar sem með því væri verið að búa til tvö aðskilin menntakerfi, þ.e. sérskóla fyrir fólk af „roma“ uppruna annars vegar og hins vegar almenna skóla fyrir meiri hluta almennings. Kærurni var hins vegar vísað frá 20. október 1999.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærendur töldu sig hafa þurft að þola mismunun á rétti þeirra til menntunar vegna uppruna síns og að brotið hefði verið gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans, bæði sjálfstætt og með vísan til 14. gr. sáttmálans.

#### ***Niðurstaða***

Dómstóllinn leit til þess að þónokkrar stofnanir, m.a. innan Evrópuráðsins, hefðu lýst yfir áhyggjum af því með hvaða hætti börn af „roma“ uppruna í Tékklandi væru sett í sérskóla. Hins vegar væri það ekki dómstólsins að meta hið þjóðfélagslega samhengi í heild, heldur að meta hvort ástæður fyrir því að kærendur voru settir í sérskóla hefðu byggst á sjónarmiðum tengdum þjóðernisuppruna eða kynþætti. Að mati dómstólsins var það almennt á valdi samningsríkja að setja upp og skipuleggja námskrá skóla, enda byggðist slíkt val á ólíkum forsendum eftir ríkjum. Með tilliti til svigrúms aðildarríkjanna til mats við starfrækslu menntakerfisins væri ekki hægt að banna ríkj-

## 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

um að koma börnum með námserfiðleika fyrir í sérstökum skólum. Vísað var til þess að hvorki kæmi fram að umræddir sérskólar hefðu verið settir á fót sérstaklega til þess að taka við börnum af „roma“ uppruna né að reglur um inntöku í þá vísuðu til barna af þeim uppruna. Það væri á færi sérfræðinga í menntunarsálfræði að meta hverju sinni hvort þörfum barns yrði best mætt með skólagöngu í sérskóla. Þá taldi dómstóllinn að af hálfu kæranda hefðu ekki verið dregnar í efa niðurstöður sérfræðinga um námserfiðleika þeirra. Einnig bæri að hafa í huga að foreldrar kæranda hefðu ekki gripið til aðgerða þrátt fyrir skriflega ákvörðun um að barn þeirra skyldi fara í sérskóla og þá hefði það verið svo í sumum tilvikum að foreldrarnir sjálfir hefðu óskað eftir því að börn þeirra yrðu færð í sérskóla eða héldu áfram skólagöngu þar. Enn fremur var sú staðreynd að sumir kæranda hefðu verið fluttir í almenna skóla talin sýna að börn ættu afturkvæmt í hið almenna skólakerfi.

Hvað varðaði þá málsástæðu kæranda að samþykki foreldra hefði ekki verið upplýst og í sumum tilvikum dagsett fyrir tíma þann sem það var gefið, taldi dómstóllinn að það hefði verið í samræmi við eðli ábyrgðar foreldra að þeir könnuðu hvaða menntunarræði væru fyrir hendi fyrir börn þeirra, gengju úr skugga um hvenær þeir hefðu gefið samþykki sitt fyrir því að börnum þeirra væri komið fyrir í sérskólum og, ef nauðsynlegt væri, að láta reyna á ákvörðun um flutning barna þeirra í sérskóla, ef samþykki þeirra hefði ekki legið fyrir.

Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að tölfraðilegar upplýsingar og ástand menntunar barna af „roma“ uppruna í Tékklandi gæfu tilefni til áhyggna og menntakerfið í landinu væri á engan hátt gallalaust, yrði ekki séð að kærendum hefði verið mismunað. Var ekki talið brotið gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans eða 14. gr. hans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Málinu hefur verið vísað til yfirdeildar.

### Mürsel Eren gegn Tyrklandi

**Dómur frá 7. febrúar 2006**

**Mál nr. 60856/00**

### 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

#### *Háskólar. Inntökupróf.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi er tyrkneskur ríkisborgari (f. 1972) og býr í Tyrklandi. Hann tók fyrst inntökupróf í háskóla árið 1994 en á þeim tíma þurftu væntanlegir nemendur að standast tvískipt krossapróf sem skipulagt var af miðstöð fyrir inngöngu í æðri menntastofnanir. Kærandi féll á fyrri hluta inntökuprófs til háskóla í fyrstu þremur tilraunum sínum á árunum 1994-1996. Kærandi sótti einkanámskeið til að undirbúa sig fyrir inntökuprófið 1997 og bar því við að hann hefði lagt hart að sér við námið og nokkrum sinnum verið hæstur í sínum bekk í undirbúningsprófum. Í fyrri hluta inntökuprófsins árið 1997 náði kærandi nægilegum árangri til að halda áfram í annan hluta. Í síðari hluta prófsins var

## 2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

hann einn þeirra sem náði bestum árangri. Hins vegar var próf hans ógilt af nefnd skipaðri þremur prófessorum sem taldi frammistöðu hans óútskýranlega í ljósi slaks árangurs hans í fyrri tilraunum. Var ekki bent á neitt sem gaf til kynna að kærandi hefði ekki staðið rétt að töku prófsins eða haft rangt við. Kærandi kærði ákvörðunina án árangurs.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi taldi ákvörðun um að ógilda niðurstöðu hans í inntökuprófunum takmarka rétt hans til menntunar samkvæmt 2. gr. 1. viðauka sáttmálans.

#### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi að ekki hefði verið bent á þá heimild í lögum sem veitti umræddri miðstöð vald til þess að ógilda próf kæranda af þeirri ástæðu að frammistaða á prófinu væri óútskýranleg. Jafnvel þótt slíkri lagaheimild væri til að dreifa myndi svo víðtækt mat skapa slíka réttaróvissu að brotið væri gegn réttarríkinu og grunnreglum lýðræðis eða gengið beint gegn réttinum til menntunar. Samkvæmt gildandi reglum hefðu nemendur átt lögmætar væntingar um að öðlast rétt til inngöngu í háskóla ef þeir fullnægðu inngönguskilyrðum sem mælt væri fyrir um í lögum. Í ljósi þess að engar sannanir lágu fyrir um að kærandi hefði svindlað á prófinu og þess að engin kæra um slíkt hafði komið fram taldi dómstóllinn að ákvörðun nefndarinnar um að hafna inngöngu kæranda í háskóla hefði skort lagalegan og málefnalegan grundvöll. Var það því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 2. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Kæranda voru dæmdar 5.000 evrur í miskabætur og 5.000 evrur í málskostnað.



### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga

Zdanoka gegn Lettlandi

Dómur frá 16. mars 2006 – Yfirdeild

Mál nr. 58278/00

10. gr. Tjáningarfrelsi

11. gr. Funda- og félagafrelsi

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga

*Kosningalög. Kjörgengisskilyrði.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi er 55 ára, lettneskur ríkisborgari og býr í Riga. Hún er þingmaður á Evrópuþinginu. Samkvæmt kæru hennar var henni synjað um kjörgengi til þingskosninga í Lettlandi vegna tengsla hennar áður og starfa innan stjórnmalaflokks sem lýstur hafði verið andstæður stjórnskipun ríkisins.

Árið 1971 gerðist kærandi félagi í Kommúnistaflokki Lettlands, sem hafði tengsl við Kommúnistaflokk Sovétríkjanna. Árið 1990 var kærandi kosin í yfirráð Sovétlýðveldisins Lettlands. Eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Lettlands í maí 1990 var því lýst yfir að Kommúnistaflokkur Lettlands, sem hafði tekið þátt í tveimur valdaránstílraunum gegn ríkinu, starfaði ekki í samræmi við stjórnskipunarlæg landsins og var hann leystur upp 10. september 1991.

Árið 1993 varð kærandi formaður hreyfingar um félagslegt réttlæti og jafnræði í Lettlandi. Hreyfingin varð síðar stjórnmalaflokkur sem kenndi sig við jafnrétti. Var kærandi kosin í borgarstjórn Riga árið 1997 og reyndi framboð til þings Lettlands árið 1998. Kjörstjórn úrskurðaði hins vegar að framboð kæranda væri ekki í samræmi við kosningalög landsins sem kváðu á um að þeir sem tekið hefðu þátt í starfsemi Kommúnistaflokks Lettlands eftir 13. janúar 1991 hefðu ekki kjörgengi til þingsins. Kærandi skaut málinu til dómstóla án árangurs. Kærandi reyndi framboð til þings Lettlands árið 2002 en var enn hafnað á sömu forsendum. Kærandi var kosin til Evrópuþingsins í júní 2004.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi byggði á því að réttur hennar til að bjóða sig fram í kosningum í kjölfar dóms um að hún hefði ekki kjörgengi hefði verið brotinn. Taldi hún að ákvæði innlendra kosningalaga sem hindruðu að hún gæti boðið sig fram til lettneska þingsins vegna virkrar þátttöku sinnar í Kommúnistaflokki Lettlands brytu gegn rétti hennar samkvæmt 3. gr. 1. viðauka sáttmálans. Þá taldi kærandi það að hún hefði ekki kjörgengi til lettneska þingsins og sveitarstjórna brjóta gegn rétti hennar samkvæmt 10. gr. og 11. gr. sáttmálans.

### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

#### *Niðurstaða deildar*

Deild dómstólsins komst að þeirri niðurstöðu 17. júní 2004 að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 22. gr. og 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

#### *Niðurstaða yfirdeildar*

Um 3. gr. 1. viðauka: Að mati dómstólsins voru ákvæði lettneskra kosningalaga sem kærandi byggði á ekki aðeins ætluð til að refsa þeim sem hefðu verið virkir innan Kommúnistaflokks Lettlands, heldur frekar til að vernda lýðræðisríkið gegn áhrifum þeirra sem höfðu tekið virkan þátt í flokki sem hefði bein tengsl við valdaránstílraunir. Taldi dómstóllinn að eðlilegt hefði verið af lettneska löggjafanum að gera ráð fyrir því að forgöngumenn í Kommúnistaflokki Lettlands ynnu gegn lýðræðisríkinu Lettlandi, enda hefðu þeir ekki sýnt fram á annað með háttsemi sinni, t.d. með því að rjúfa tengsl við flokkinn eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Lettlands. Kærandi hafði hins vegar ekki lýst því yfir að hún hefði engin tengsl við flokkinn eftir 13. janúar 1991. Sú afstaða lettneskra yfirvalda að fyrri staða kæranda innan flokksins sem og þátttaka hennar í atburðunum 1991 ætti að leiða til þess að hún missti kjörgengi sitt var þannig að mati dómstólsins í samræmi við 3. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Dómstóllinn rakti að ákvæði kosningalaga sem sviptu kæranda kjörgengi sínu yrðu ekki talin matskennd eða í ósamræmi við kröfur um meðalhóf. Dómstóllinn taldi að mat á þeim erfiðleikum sem stöfuðu að stofnun og verndun lýðræðisríkisins væri betur komið hjá lettneska löggjafanum og innlendum dómstólum heldur en dómstólnum. Innlendum yfirvöldum yrði að vera veitt ákvæðið svigrúm til að meta þarfir þjóðfélagsins við að byggja upp traust á innlendum lýðræðisstofnunum, t.d. lettneska þinginu, og til að svara því hvenær þörf á slíkum ráðstöfunum væri fyrir hendi, enda væri ekki um geðþóttaákvæðanir eða brot á meðalhófi að ræða. Lagði dómstóllinn áherslu á að ákvæði kosningalaganna hefðu verið endurskoðuð reglulega af lettneska löggjafanum, síðast árið 2004 og enn fremur hafði yfirréttur landsins fjallað sérstaklega um sögulegan og pólitískan aðdraganda gildistöku laganna í dómi á árinu 2004 og komist að þeirri niðurstöðu að takmörkunin væri enn lögmæt. Þótt lettneska ríkið hefði að mati dómstólsins ekki brotið á rétti kæranda tók hann fram að í ljósi þess að yfirréttur landsins hefði tekið fram í dómi sínum árið 2000 að þingið skyldi takmarka gildistíma takmörkunarinnar, hvíldi á lettneska löggjafanum rík skylda til að endurskoða þörfina á umræddri takmörkun og að vanræksla ríkisins á þessu kynni að leiða til annarrar niðurstöðu dómstólsins síðar. Var það því mat dómstólsins að ekki hefði verið brotið á rétti kæranda samkvæmt 3. gr. 1. viðauka.

Um 10. og 11. gr.: Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að skoða efni kærunnar sérstaklega hvað varðaði 10. og 11. gr. sáttmálans.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.

**3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga****Albanese gegn Ítalíu****Dómur frá 23. mars 2006****Mál nr. 77924/01****8. gr. Friðhelgi einkalífs****13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns****3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálstra kosninga*****Réttaráhrif gjaldþrotaskipta. Missir kosningaréttar.*****1. Málsatvik**

Kærandi er ítalskur ríkisborgari (f. 1941) og býr á Ítalíu. Fyrirtæki kæranda var úrskurðað gjaldþrota árið 1998.

**2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum*****Kæran***

Kærandi byggði kæru sína á því að með úrskurði um að fyrirtæki hans væri tekið til gjaldþrotaskipta hefði eignarréttur hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka verið brotinn. Þá byggði kærandi einnig á því að réttur hans til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans hefði verið brotinn þar sem skráning nafns hans í gjaldþrotaskrá hefði komið í veg fyrir að hann hefði getað stundað eðlilega atvinnustarfsemi, en skráningin hafði víðtækar afleiðingar með tilliti til ýmissa lögbundinna og leyfisskyldra starfsgreina, stofnunar hlutafélaga o.fl. Þá byggði kærandi einnig á því að brotið hefði verið á rétti hans með því að ekki væri unnt að afmá fyrirtækið af gjaldþrotaskrá fyrir en 5 árum eftir lok gjaldþrotaskipta. Að auki byggði kærandi á því að skort hefði raunhæf úrræði samkvæmt 13. gr. sáttmálans til að koma í veg fyrir þann réttindamissi sem hann varð fyrir vegna skráningarinnar. Að lokum byggði kærandi á því að réttur hans til frjálstra kosninga samkvæmt 3. gr. 1. viðauka hefði verið brotinn með því að kosningaréttur hans hafði fallið niður eftir að hann var tekinn til gjaldþrotaskipta.

***Niðurstaða***

Dómstóllinn rakti að það ákvæði laga sem svipti kæranda kosningarétti sínum hefði verið sett í þeim eina tilgangi að lítillækka gjaldþrota einstaklinga án þess þó að því hefði verið slegið föstu að þeir hefðu gerst sekir um refsiverða háttsemi. Var umrædd takmörkun á rétti samkvæmt 3. gr. 1. viðauka sáttmálans þannig ekki gerð í lög-mætu markmiði að mati dómstólsins og taldist hún andstæð honum af þeim sökum.

Dómstóllinn taldi að þau víðtæku áhrif sem umrædd skráning hafði, t.d. með tilliti til allra þeirra starfa sem útilokað væri að kærandi gæti stundað vegna hennar, hefði það í för með sér að skráningin varðaði 8. gr. Sáttmálans. Dómstóllinn rifjaði upp skil-yrði 2. mgr. 8. gr. og benti á að sá réttindamissir sem kærandi yrði fyrir við skráningu leiddi sjálfkrafa af gjaldþrotaskiptum án þess að til kæmi sjálfstæður dómur. Taldi dómstóllinn þennan réttindamissi og lengd hans langt úr hófi með hliðsjón af þeim lög-mætu miðum sem hér kæmu til greina (hagsmunir kröfuhafa o.s.frv.). Var ekki fallist á

### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

að þessar reglur gætu talist nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi þannig að samrýmdist 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að engin úrræði væru fyrir hendi til að fá réttindamissi endurskoðaðan með tilliti til umfangs eða tímalengdar. Var talið að um brot á 13. gr. sáttmálans væri að ræða.

Að mati dómstólsins fólust í niðurstöðu um að brotið hefði verið á rétti kæranda fullnægjandi miskabætur til handa honum en dæmdi honum 2.000 evrur í málskostnað.

#### Lykourezos gegn Grikklandi

Dómur frá 16. júní 2006

Mál nr. 33554/03

#### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

#### 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

*Missir þingsætis. Lögmaetar væntingar.*

#### 1. Málsatvik

Kærandi, Alexandros-Leon Lykourezos, 72 ára, er grískur ríkisborgari og búsettur í Aþenu. Hann hefur starfað þar sem lögmaður síðan 1960. Í apríl 2000 bauð hann sig fram í þingkosningum í einu kjördæmi Aþenu og var kjörinn þingmaður til fjögurra ára.

Árið 2001 voru gerðar stjórnarskrárbreytingar þar sem m.a. var lagt bann við því í 57. gr. að þingmenn sinntu aukastörfum samhliða þingmennsku. Með dómi 3. júlí 2003 kvað Hæstiréttur Grikklands á um að kærandi hefði misst rétt sinn til þingsetu þar sem hann hefði sinnt áfram starfi sínu sem lögmaður þrátt fyrir áðurgreint bann. Var ekki fallist á þær málsástæður kæranda að lögmannsstörf hans væru ólaunuð. Í kjölfarið tók varþingmaður við þingsæti kæranda.

#### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

##### *Kæran*

Kærandi studdist við 3. gr. 1. viðauka og taldi að framangreind ákvörðun Hæstaréttar bryti í bága við rétt hans til að vera kjörinn á þing landsins auk sem kjósendur hefðu verið sviptir þeim frambjóðanda sem þeir hefðu kosið. Hann hélt því einnig fram að þar sem hann hefði verið tilneyddur til að afsala sér þingsæti til að geta haldið áfram sínum fyrri störfum væri um að ræða óréttmæta íhlutun í friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu og þar með væri brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

##### *Niðurstaða*

Dómstóllinn taldi það ekki vera hlutverk sitt að taka almennt afstöðu til þess hvort bann við aukastörfum samhliða þingmennsku væri heimilt en benti á að slíkt bann væri sjaldgæft í öðrum löndum Evrópu.

### 3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Dómstóllinn gat hins vegar ekki horft fram hjá því að kærandi var kjörinn í samræmi við þágildandi kosningalöggjöf og stjórnarskrá. Var ómögulegt að sjá fyrir að það yrði skilyrði fyrir þingsetu á kjörtímabilinu að hann sinnti ekki tilteknum aukastörfum. Þingsætissvipting hans á grundvelli aukastarfa hans kom því bæði honum og kjósendum hans í opna skjöldu.

Þar sem hin breyttu stjórnarskrárákvæði voru látin ná til kæranda, án þess tekið væri tillit þess að hann var kjörinn til þings árið 2000 í samræmi við lög á þeim tíma, var litið svo á að kærandi hefði verið sviptur þingsæti sínu og kjósendur hans sviptir þeim framboðanda sem þeir völdu sér á frjálsan og lýðræðislegan hátt. Var með þessu brotið gegn meginreglunni um lögmætar væntingar. Gríska ríkið var ekki talið hafa bent á nein lýðræðislega mikilvæg rök sem réttlætt gætu tafarlausa beitingu á umræddu banni. Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið í bága við 3. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Með tilliti til þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki ástæðu til þess að fjalla einnig um meint brot á 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 20.000 evrur í miskabætur og 14.000 evrur vegna málskostnaðar.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

